

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Heimspeki

Leikhús hygginda

Hyggindi Machivellis & Kants og fleira

Ritgerð til BA-prófs í Heimspeki

Heiðar Högni Guðnason

Kt.: 010781-5319

Leiðbeinandi: Henry Alexander Henrysson

Maí 2016

Til mömmu & pabba.

Ágrip

Ritgerð þessi fjallar um hugtakið hyggindi. Í fyrsta þætti er skoðuð hugmyndasöguleg þróun frá Forn-Grikkjum, skólaspekingum miðalda, endurreisninni og, nýöld allt fram til nútímans. Sérstök áhersla er lögð á það siðrof sem tengist hugtakinu á endurreisnartímabilinu. Sjónum verður einkum beint að hugmynd Machiavellis um að aðrar reglur gildi fyrir ríkið en þegnana, einnig eru skoðuð tengsl hygginda og örlaga samkvæmt kenningu hans. Í öðrum þætti er gert grein fyrir hugmyndum Kants um hyggindi, sérstaklega tengslum þeirra við hamingjuleitina. Markmiðið er, að skapa rými fyrir hyggindi hjá hugsuði sem alla jafna er þekktur fyrir annað en að leggja áherslu á siðferðilega hlið hugtaksins, og sýna hvernig hamingja og skylda eigi ekki að skiljast andstæðar hvor annarri heldur samhliða. Að lokum, í þriðja þætti, set ég fram mína eigin kenningu um hyggindi. Þar er leikhúsið notað sem fyrirmynd með það markmið að sýna tengsl hygginda við óvissu, siðferði og stjórnsmál almennt.

Efnisyfirlit

Forleikur	1-2
Fyrsti þáttur: Niccoló Machiavelli og siðrof hygginda	3
Fjölbreytt túlkun <i>Furstans</i>	3
Tilgangurinn helgar meðalið	3
Aristóteles og breyskleiki.....	4
Cicero og háttvísi	5
Skólaspekingar og trúrækni	5
<i>Raison d'État</i> og <i>Realpolitik</i>	5-6
Aðferðafræði illskunnar og þekking sem efnislegir hlutir	7-8
Örlögin þýðast þeim er þora	8
Annar þáttur: Immanuel Kant – hyggindi og hamingjuleit	8
Heimspeki almúgans.....	8-9
Samfélagssáttmáli skynseminnar	9
Skyldurækni og hamingja	10
Hyggindi á markaði	11
Færni-, hygginda- og skylduboð	12
Hugmyndir Kants um hamingjuna	13
Hyggindi og sjálfstyrking	14-15
Hyggindi og að hjálpa öðrum að ná markmiðum sínum	15-16
Hyggindi og skuldbindingar.....	16
Tvíræðni hygginda	17
Þriðji þáttur: Heiðar Högni Guðnason – kenning um hyggindi	18
Leikhús hygginda	18
Hyggindi og gagnrýnir borgarar	18
Sviðið – pólitísk frumspeki.....	18
Óvissan	19-20
Járnbúr vísindanna.....	20
Hyggindi og áhrif.....	21
Leikarar – hæfileikar og siðferði	22
Siðferðiskompás	22
<i>Street-smart</i>	23

Áhorfendur	24
Prinsipp.....	24-25
Hyggindi og samræðusiðfræði	25-26
Leikurinn.....	26
Langspil – leikur til lengri tíma	26
Hyggindi og áhrif.....	27
Næmi fyrir aðstæðum	28
Velsæmisviðmið.....	28-29
Lokaþáttur	29
Heimildir	31-32

Forleikur

Heimskinginn hefur engar mætur á hyggindum, heldur á því að kunnngjöra hugsanir sínar.

Hvað er heimspeki? Þessa spurningu hef ég ósjaldan fengið eftir að upp komst um ákvörðun mína um að stunda nám hér við skólann. Ég held að ég hafi aldrei gefið sama svarið, enda kannski ekki í eðli heimspeki að styðjast við tilbúin svör, eða kannski aðlaga ég svarið eftir manneskjunni sem spyr, og reyni, að smíða sem dýpstu og fegurstu mynd af heimspekinni í hvert sinn. Sennilega er einhver önnur betri ástæða – hvað veit ég? Spurningar sem fylgt hafa í kjölfarið, hafa stundum neytt mig til að reiða mig á „tilbúið handrit“ vali mínu til varnar: „Hvað ætlar þú svo að gera?“, spyr fólk jafnan, en í slíkar spurningar snúast ekki um heimspeki sem slíka; heldur heimspekinga. Hvað er það að vera heimspekingur og hver er staða hans í samfélaginu?

Hvað er heimspeki? Þetta er lúmskt erfið spurning. Fyrir utan að koma hugmyndum sínum skýrt og greinilega fram, er eitt af þeim vinnubrögðum – sem fyrir heimspekinema er lagt – krafa um að hugsa hlutina sjálfstætt. Það er ætlast til að nemandinn sýni sjálfstæði í hugsun og geti tekið rökstudda afstöðu í framhaldi.

Hvað er heimspeki? Hér sit ég fyrir framan vélina og rembist við orðin – vofur skýrmælis og sjálfstæðis ganga kröfugöngu í hausnum á mér – og ég reyni að þvinga sjálfan mig til að hugsa sjálfstætt. Að skrifa gagnort svar við þessari snúnu spurningu.

Hvað er heimspeki? Ég banna sjálfum mér að leita svara í bók, hvað þá á netinu. Slíkar hækjur eru aðeins til þess fallnar að óhreinka þessa hreinu sjálfstæðu hugsun sem koma skal á blað. Fyllist eldmóð: „Hér er ekkert pláss fyrir kennivald og skruðmælgí annarra, og nú skal tendra hreinsunarbál!“, segi ég við sjálfan mig – hugsunin stöðvast. Það læðist upp að mér sá grunur að þessi hugartiltekt sé dauðadæmd; að ég sé óhjákvæmilega undir áhrifum annarra heimspekinga sem ég hef rætt við og lesið; þar að auki er þessi hugarfrelsun augljóslega stolin úr öðrum kafla *Orðræðu um aðferð*, eða var það sá þriðji?

Hvað er heimspeki? Eftir að hafa efast um getu mína til að hugsa sjálfstætt og unnið síðan frækinn sigur á fyrrnefndum efa, sannfæri ég sjálfan mig og mitt eigið sjálfságæti, um að ég sé fullfær um að svara þessari spurningu.

Hvað er heimspeki? Án þess að ljúka talningunni ætla ég að telja upp í þrjá...

Einn! Heimspeki bregst við. Þegar ófyrirséðar aðstæður, málefni eða vandamál koma upp. Þá er það heimspekin sem ákvarðar, hvernig kemur þú til með að bregðast við. Munt þú gera það á jákvæðan, neikvæðan eða á einhvern annan máta? Hvaða hugmyndir munt þú þá hafa að leiðarljósi? Hvernig mun þér koma til með að líða og hvernig munt þú nálgast viðfangið í framhaldi? Í slíkum tilfellum getur heimspeki hjálpað manni að ná áttum í lífinu og taka skynsamlega afstöðu.

Tveir! Heimspeki er samræðuáferð. Við fyrstu sýn virðist oft ágreiningur manna á milli vera svo djúpstæður að heimsmyndir þeirra hljóta að vera gjörólíkar. Við samræðu kemur svo í ljós að aðilarnir eru nánast sammála um öll málsatriði. Stundum byggist skoðanamunurinn á svo litlu atriði, á svo vel falinni forsendu, að báðir málsaðilar töldu óþarft að minnast á hana í upphafi. Í slíkum tilfellum getur heimspekileg samræða hjálpað manni að skilja aðra og sjálfan sig í leiðinni. Hjálpað manni að sjá nákvæmlega hvar ágreiningurinn liggur og af hverju falda forsendan skipti máli fyrir framhaldið. Þar að auki, er hægt að nota samræðuvettvanginn til að móta manns eigin hugmyndir með skynsemi annarra.

Þrír! Heimspeki er glöggskýni. Í ófullkomnum heimi, hvernig sér maður muninn á góðum hlutum og slæmum, góðvild og illsku? Í óréttlátum heimi, hvernig kemur þú auga á helsi, kúgun og yfirráð? Við vondar aðstæður getur heimspeki verið verðugt vopn.

Þessi ritgerð fjallar um hvernig nýta megi glöggskýni og samræðuhæfileika til að bregðast rétt við.

Fjórir!

Fyrsti þáttur: Niccoló Machiavelli og siðrof hygginda

Oft mælir sá fagur er flátt hyggur.

Ef vestræn heimspekisaga yrði sett upp sem leikrit væri Niccoló Machiavelli (1469-1527) líklegast skúrkurinn. Háðslegur ritháttur í bland við vafasamt siðferði hefur fyllt áhugamenn um stjórnspeki síðari tíma hugmyndafræðilegri andgift sem lítinn enda virðist taka. Margrætt höfuðrit hans *Furstinn* býður upp á fjölbreytta túlkun en engin ein útilokar aðra. Hægt er að kalla verkið fræðilegt, í þeim skilningi, að þar sé um að ræða raunsæa greiningu á valdabaráttu og lífsháttum endurreisnarinnar; að það sé hluti af umsóknarferli höfundar, sem óskaði endurráðningar eftir að hafa lent í ónáð Meddici ættarinnar; jafnvel að þar sé að finna þjóðernissinnuð vígorð, kröfu um frelsun Ítalíu úr höndum barbara, sameinaða undir eitt vald. Enn fremur – og án þess að ljúka listanum – er *Furstinn* vísir fyrir valdhafa, „handbók fyrir glæpona“¹ eins og Bertrand Russell kallaði hana.

Machiavelli er stundum eignað orðatiltækið „að tilgangurinn helgi meðalið“ og við fyrstu sýn mætti halda að valdaþyrstur fursti mætti gera það sem honum sýndist í leit sinni að völdum. En völd sem slík eru ekki endanlegur mælikvarði fyrirmyndarfurstans. Sá sem fer um með grimmd og óheiðarleika líkt og Agathocles af Sililey, slátrandi vinum jafnt sem óvinum, getur á leið sinni öðlast mikil völd; en hlotnast af slíku enga dýrð (í. *gloria*). Hins vegar er lífshlaup Cesare Borgia – hertogans af Valentino – skólabókardæmi um hegðun sem hæfir fursta og þrátt fyrir raunaleg örlög (í. *fortuna*) hans „notaði hann öll úrræði og sýndi í verki hverja þá ráðdeild sem *hyggnum* manni sæmir.“² Vissulega var markmiðið að ná sem mestum völdum en það var ekki alveg sama hvaða leið var farin.

Hugtakið hefur verið skilið á mismunandi hátt í gegnum tíðina, það hefur bæði verið kennt við visku sem og skynsemi en eitt hefur þó aldrei breyst og það er að hyggindi tengjast *vali* á einhvern hátt, að þekkja muninn á réttu og röngu, og enn fremur að hyggindi beinast að *markmiði* – en hvaða markmiði er svo annað mál. Samanborið við gildishlaðna hugsun Forn-Grikkina, þar sem hyggindi voru samofin siðferðisvitund einstaklingsins, hinu eina og hinu góða, þykir hugtakið í dag ekki vera sveipað sama dýrðarljóma – þótt það sé ennþá talið dyggð. Sumir hafa kennt hlutleysiskröfu vestrænnar rökgreiningarheimspeki um gengisfellingu hugtaksins.

¹ Berlin, Isaiah, *Against the Current: Essays in the History of Ideas*, Ritstj. Wardy, Henry, New Jersey: Princeton University Press, 2012, 44.

² Machiavelli, Niccoló, *The Prince*, (New York: Dover Publication Inc, 1992), 16.

Í nútímanum virðist hinsvegar viðtekið að skynsemi snúist fyrst og fremst um að leita hagkvæmra leiða að gefnu marki. Hér er skynsemin tæknileg – skynsemishugtakið er tæknilegt hagfræðilegt hugtak. Viðfangsefni skynseminnar er val á leiðum að settu marki en ekki val á sjálfu markmiðinu.³

Hyggindi tengjast ávallt vali, annað hvort vali á markmiðum, eða vali á leiðum að markmiðum. Hvort sem það er skynsemin eða hyggindi sem sjá um valið, þá er verið að tala um sama hlutinn. Ef yfirboðari hygginda (skynsemin), tekur ekki lengur tillit til hins góða í lífinu, þá gerir undirsátan, (hyggindi) það ekki heldur. Í dag eru hyggindi jafnan tengd varfærni, að taka skynsamlegar ákvarðanir með það í huga að takmarka áhættu og stundum kallað forsjá eða fyrirhyggja – hér síðar verður sett fram ítarlegri nútímaleg skilgreining en fyrst skulum við vinda okkur í Aþenu til forna.

Sókrates hélt að enginn myndi viljandi velja rangt, slíkt myndi skaða mann sjálfan og enginn myndi viljandi gera slíkt. Ranga ákvörðunin myndi einfaldlega skýrast af vanþekkingu. Svipaða hugsun er að finna hjá Aristóteles. Breyskur maður – sá sem fellur fyrir freistingu – *velur* ekki kostinn sem hann tekur.

[H]ann getur meira að segja beitt hvers konar brögðum í fallinu af dæmalausri hugvitssemi. Af þessum sökum hljótum við að skilja kenningu Aristótelesar svo að hann neiti því að til sé réttnefnt val — proairesis — sem sé einungis „tæknilegt val“ sem kalla má — í þeim víða skilningi orðsins „tækni“ að tækni þurfi til að komast yfir helmingi meira að drekka en manni er ætlað í veizlu, eða til að draga konu vinar síns á talar.⁴

Ég get ekki betur séð en að grísk hyggindi (g. *phronesis*) sem slík séu óskeikul í hversdagslegum skilningi, þ.e. tryggi ávallt bestu útkomuna. Það er ekki hægt að *velja* að ganga gegn manns eigin hyggjuviti; það má vel vera að mann skorti dyggðir eða þekkingu svo um gott markmið sé að ræða, en það er ekki hægt að velja verra markmið á kostnað annars betra – viti maður af báðum. Þetta samræmist hugmyndum Aristótelesar um að hyggindi séu dyggð þess hluta sálarinnar sem kann rökfræði⁵ – sem er eins konar rökhendudyggð sem aldrei klikkar. Hins vegar er valið ekki alltaf auðvelt og því getur „aðeins heimspekingur sem er algjörlega var um þann aragrúa af markmiðum, virðst hæfur til að breyta rétt; aðeins einhver sem, í hverri aðstöðu, sér möguleikann

³ Ólafur Páll Jónsson, „Gagnrýnar manneskjur,“ Vefur gagnrýnnar hugsunar og siðfræði <https://gagnrýnihugsun.hi.is/?p=653> (skoðað 7. maí 2016).

⁴ Þorsteinn Gylfason, „Að gera og að vera, eða skyldu stjórnmal vera siðlaus?,“ *Hugur* 1/6 (1994): 86.

⁵ Aristóteles, *Siðfræði Nikomakkosar*, fyrra bindi, þýð. Svavar Hrafn Svavarsson, Reykjavík:Hið íslenska bókmenntafélag, 1995, 172-173.

að fylgja visku mun vera í stöðu til að skera úr um togstreitu markmiða“.⁶ Maður getur ekki verið hygginn án þess að vera góður og að sama skapi er ekki hægt að vera dyggðugur án þess að vera hygginn. Það sem skiptir máli í þessu samhengi eru siðferðisleg tengsl hygginda og hins farsæla lífs einstaklingsins – tengsl sem áttu eftir að rofna.

Sem ein af hinum klassísku fjórum höfuðdyggðum (ásamt hugrekki, hófsemi og réttlæti) hafa hyggindin verið „kjarninn í vestrænni siðfræði og stjórnmálaheimspeki“.⁷ Rómverski heimspekingurinn og málflutningsmaðurinn Cicero, þandi út skilgreiningu Aristótelesar og lagði aukna áherslu á almannaeill. Hinn góði en jafnframt skilvirki mælskumaður þurfti stundum að óhreinna á sér hendurnar til að virka sannfærandi en málflutningurinn þurfti engu að síður ávalt að vera háttvís (r. *decorum*); m.ö.o. orðræðan þurfti að vera siðferðislega réttlæt看leg út frá hugmyndinni um almannaeill. Byggjandi á þessari hefð tóku skólaspekingar miðalda upp þráðinn. Hjá heilögum Ágústínus var markmiðið ekki lengur að eiga einn farsælan lífshring eða *sæculum* heldur frelsun frá eilífri glötun. Tómas af Akvínó reyndi að samræma hugmyndir Aristótelesar, Cicero og Ágústínusar við kristnar hugmyndir um ríkið, og þótt það hafi þótt rótækt á þeim tíma að tengja forna stjórnspeki við kennisetningar kirkjunnar myndi það taka „þrjú hundurð ár fyrir aðra heimspekilega byltingu að eiga sér stað: að hyggindi yrðu einungis séð í veraldlegu ljósi og að pólitik myndi vera skilgreind í samræmi við hinn forna *sæculum* í stað hins eilífa konungsríkis kristninnar“.⁸ Hjá Forn-Grikkjum og skólaspekingum miðalda var hið góða markmið fyrirfram gefið, fyrst var það farsældin og svo var það trúræknin. Machiavelli taldi markmiðin ekki eiga samleið, að enginn mælikvarði gæti valið eitt fram yfir annað, svo hann dró þá ályktun að best væri að velja hentugasta markmiðið og sannfæra svo aðra um að það sé best.

Undir áhrifum húmanískrar aðferðar þýðir Machiavelli hin latnesku hyggindi *prudentia* yfir í hina toskönsku *prudenza*:

„Hyggindi fela í sér að vita stigsmuninn á erfiðum aðstæðum, og í að samþykkja minna böll sem bót.“⁹

Machiavelli er jafnan eignuð hugmyndin, að hagsmunir ríkisins og hagsmunum þegnanna fari ekki endilega saman og að ríkið geti haft sínar eigin ástæður burt séð frá mannlegu siðferði – að markmið ríkisathafna taki mið af öðrum praktískari forsendum eins og varðveislu (þess sjálfs)

⁶ Roberts, William Clare, „All Natural Right is Changeable: Aristotelian Natural Right, Prudence, and the Specter of Exceptionalism,“ *The Review of Politics* 2/75 (2012): 261-283.

⁷ Soll, Jacob, „The Reception of The Prince 1513-1700, or Why We Understand Machiavelli the Way We Do,“ *Social Research: An International Quarterly* 1/81 (2014): 31-60.

⁸ Machiavelli, *The Prince*, 36.

⁹ Sama rit, 61.

fríðar og öryggis.¹⁰ Í *Furstanum* er sagt frá óvægni Cesare Borgia, sem endurreisti Romagna hérað, sameinaði það og kom á lög og reglu „þannig að ef við lítum á hlutina í réttu ljósi, sjáum við að hann var í raun mun miskunnsamari en íbúar Flórens, sem, til að forðast ásökun um grimmeika, leyfði Pistoju að vera klofin í sundur vegna flokkadrátta“.¹¹ Stöðugleiki og fríður innan ríkisins skiptir meira máli en þjáningar manna innan þess. Hugmyndinni hefur ekki enn verið snarað yfir á íslensku en á frönsku nefnist hún *raison d'État* og á ensku jafnan *reasons of state*. Þrátt fyrir að Machiavelli sé eignuð hugmyndin, kemur orðalagið frá gagnrýnum samtímamanni hans Giovanni Botero sem hélt því fram að ríkið gæti ekki verið siðlaust, því „ástæður ríkisins“ gætu ekki aðskilist samviskunnunni.¹² Og hér stendur hnífurinn í kúnni! Það er mjög erfitt að gera greinarmun á því hvenær furstinn hefur hagsmuni ríkisins að leiðarljósi og hvenær breytnin miðast við eiginhagsmuni, þetta tvennt er svo flækt saman að nánast ógerningur er úr að leysa. Engu að síður væri það orðum aukið að segja ríkissíðferði alveg slitið frá mannlegu samhengi; staðreyndin er hins vegar sú að þegar ríkinu er ógnað þá syrtir í álin fyrir þegnana. Hugmyndin um *Staatsräson* var aftur tekin upp á seinni hluta níttjándu aldar og í þetta sinn undir nafninu *realpolitik* og jafnan tengd við stefnumótun þýska kannslarans Otto von Bismark og er á þá leið að ríki taki mið af hagsmunum ekki hugsjónum.¹³ Hugsjónaríkir stjórnspekingar fornaldar á borð við Plató og Cicero hafi reynt að útskýra stjórn málin eins og þau ættu að vera en kaldlynt raunsæi Machiavellis hafi sýnt hvernig þau hafi verið í raun og veru og fyrir vikið er Machiavelli stundum lýst sem eins konar félagsvísindamanni. Hins vegar er ljóst að á meðan að ríki sem slík lutu engum síðferðislegum reglum, gátu afleiðingarnar orðið slæmar.

Áhrif machiavellískra hugmynda, eins og að allar mögulegar aðferðir væru leyfilegar í stríði, áttu eftir að sjást á stríðsvöllum í Evrópu nútímans, þegar fjölmennir herir börðust við hvorn annan til síðasta manns án þess að gefa neinn gaum að reglum réttlætisins. Spennan milli hentugleika og síðferði tapaði áttum í óreiðu pólitíkurinnar. Hugmyndin um tvöfalt síðferði, persónulegt og opinbert, sem skemmdi fyrir hefðbundnu síðferði var búið til. Kennisetningar *raison d'État* leiddu til pólitíkur *Lebensraum*, tveggja heimsstyrjalda, og helfarinnar.¹⁴

Í *Furstanum* segir Machiavelli frá því hvernig Messer Remiro d'Orco fór – undir fyrirmælum Cesare Borgia - fram með miklu offorsi og harðræði í Romagna héraði og fyrir vikið, skapaði

¹⁰ Pantelimon, Cristi, „Machiavelli's Political Antropology,“ *Review of Contemporary Philosophy* 1/9 (2010) 174.

¹¹ Machiacelli, Niccoló, *Furstinn*, 43.

¹² Giorgini, Giovanni, „Five Hundred Years of Italian Scholarship on Machiavelli's Prince,“ *The Review of Politics* 4/75 (2013): 631.

¹³ Johansen, Robert C., *The Natural Interests and the Human Interest: An Analysis of U.S. Foreign Policy*, (New Jersey: Princeton University Press, 1980), 388.

¹⁴ Korab-Karpowicz, Julian W., „Political Realism in International Relations,“ *Stanford Encyclopedia of Philosophy* <http://plato.stanford.edu/entries/realism-intl-relations/> (sótt 7. maí 2016).

hann sér miklar óvinsældir hjá lýðnum samhliða stöðuleikanum sem af harðræðinu hlaust. Næstu leikfléttu hertogans af Valentinu átti Machiavelli eftir að lofsama upp í hástert. „[T]il þess að hreinsa huga lýðsins og öðlast velvild þeirra, leitaðist hann við að sýna fram á að grimmdarverkin hafi ekki verið frá honum sjálfum komin, heldur harðlyndi ráðherrans [...] lét hann einn morguninn hálshöggva Remiro, og höfuð hans sett til sýnis á markaðstorgi Cesenu við hlið blóðugrar exi. Hrottalegt sjónarspilið gerði lýðinn dolfalinn en um leið fullnægðan“.¹⁵ Þótt að Machiavelli hafi haft í hávegum tækifærissinnuð voðaverk líkt og þetta hafði hann sínar skoðanir á útfærslunni. Það sem kalla mætti aðferðafræði illskunnar: „Þessi grimmdarverk getum við sagt að hafi verið vel leikin, ef það er leyfilegt að tala vel um illa hluti,“¹⁶ er á þá leið að ef furstinn neyðist til að beita voðaverkum skal þeim beitt sjaldan en af þeim mun meiri krafti, hins vegar eiga endurtekin góðverk að koma í smáum skömmtum svo þeirra sé notið betur. Þar að auki skal furstinn fela lesti sína undir því yfirskeyni að sýnast dyggðugur og enn fremur, þótt best væri fyrir furstann að vera elskaður af þegnum sínum er öruggara að þeir óttist hann; því ástin er hvikul en óttinn heldur mönnum í skefjum. Hins vegar má óttablönduð virðing þegnanna ekki leiða til haturs. Hatursfullir þegnar geta steipt furstanum af stóli og af þeirri ástæðu ber furstanum að megni að forðast eiginkonur þegnanna og enn fremur að láta eignir þeirra í friði. Að mati Machiavelli harmar sonurinn föðurmissinn minna en föðurarfinn, þar að auki að afskipti af ástarmálum þeirra leiði til haturs; ef hann getur ekki unnið ást þeirra verður hann að forðast hatrið. Fátt er svo með öllu illt að eigi boði nokkuð gott og þessar kaldlyndu lexíur sem lýðsinninn Machiavelli dregur upp, nýtast nútímamanninum vel, að því leyti að það liggur fyrir að valdhafinn þiggur vald sitt frá lýðnum en ekki frá guði líkt og léns herrar miðalda héldu fram og á sinn eigin lúmska hátt grefur Machiavelli undan valdi furstans og færir það í hendur fólksins. Nú skulum við vinda okkar kvæði í kross og frá hyggindum illskunnar og sýna hvernig maður getur orðið hygginn með tilvísun í þá hluti sem í kringum mann eru.

Machiavelli fullyrðir að þær lexíur sem hann setur fram láti nýjan fursta virka rótgróinn. *Furstinn* er fyrst og fremst handbók fyrir nýja og upprennandi valdhafa enda hafa gamalreyndir furstar lítið við slík plögg að gera. Þetta gefur til kynna að hann telji sjálfan sig hafa einhver hyggindi fram að færa. Að ráðning hans væri rós í hnappagat fursta. Líkt og *Sendiherrar* Holbeins sem létu mála sig umlukta veraldlegum hlutum, bókum, líkönum og hljóðfærum sem gáfu til kynna hvaða þekkingu þeir byggju yfir, umlykur furstinn sig vitrum ráðgjöfum sem sýna hvaða mann hann hefur að geyma. Þegar aðrir koma til með að dæma hyggindi furstans, má finna vegvísi að visku furstans, í ráðgjöfunum í kring. Hversu verðmætir starfsmennirnir koma til að vera veltur á endanum á eigin

¹⁵ Machiavelli, *The Prince*, 18.

¹⁶ Sama rit, 23.

hyggjuviti furstans. Ef þeir eru hæfir og húsbóndahollir, getum við metið sem svo að furstinn sé vitur, því hann hefur komið auga á kosti þeirra og ráðið þá til sín. Ef þessu væri hins vegar öfugt farið, dæmum við furstann á neikvæðan hátt; valið var honum sjálfum að kenna.¹⁷ Lykilstef á endurreisnartímabilinu var að þekking valdhafa var meðal annars metin út frá þeim efnislegu hlutum (og mönnum) sem í kringum þá voru. Líklegast hefði Machiavelli þráð fátt heitar en að Lorenzo de Medici hafði haft eintak af *Furstanum* á arinhillunni við hlið hnattlíkansins.

Heimsmyndin sem Machiavelli dregur upp er oft frekar óreiðukennd. Það skýrist að einhverju leyti af þeim pólitíska óstöðugleika sem einkenndi lífið í Flórens í upphafi sextánda aldar, en líka almennum hugmyndum manna um örlögin sem slík. Ef hyggindi veita manni yfirsýn reyna örlögin að villa um fyrir manni. Þau setja heiminn í móðu, óreiðu sem blinda manni sýn. Hyggindin eru viti sem lóðsar manni í heimahöfn en örlögin eru þoka og ólgusjór sem gera manni lífið leitt. Hyggindin veita manni skipulagshæfni til að geta kortlagt ferðina og koma í veg fyrir hvatvísi og ráðleysi á meðan öldurnar dynja yfir. Örlögin eru stórstraumur sem engir mannlegir skurðir geta veitt en hyggindi gera manni kleyft að halda löstum sínum niðri, og þegar tækifæri gefst, að traðka á þeim og stíga upp. Þau eru leiðarljós í örlaganna ólgusjó og færa manni stýrisblað svo stefnan sé sönn. Hyggindi og örlögin tákna samkeppni mannsins við náttúruna og til þess að verða ekki undir þarf að maðurinn að spila hennar leik, hann þarf að vera kænn sem refur og sterkur sem ljón. Örlögin eru bræla sem reynir að kaffæra og því þarf að taka hana föstum höndum, hana þarf að beisla, því „örlögin eru kvensnifti sem ber að lemja til hlýðni“¹⁸ og til þess þarf *virtú*, dug og kjark; *því örlögin þýðast þeim er þora*.

Annar þáttur: Immanuel Kant – hyggindi og hamingjuleit

Kljóður er hygginn maður.

Fyrsti þætti er lokið og söguviðið færir fram um nokkur hundruð ár. Hér á eftir mun ég gera lauslega grein fyrir heimspeki Immanuel Kants (1724-1804), en mitt helsta markmið er að skapa rými fyrir hyggindi hjá hugsuði sem alla jafna er þekktari fyrir annað, sýna hvernig hann notar hugtakið og loks sýna hvernig hyggindi og skylda eru ekki andstæð fyrirbæri heldur tvær hliðar á sama peningi.

Ef útgangspunkturinn hjá Machiavelli var siðferðisleg afstæðishyggja þá mætti segja að inngangspunkturinn hjá Kant sé siðferðisleg hluthyggja, að markmið hans sé að láta siðferði ná

¹⁷ Sama rit, 64-65.

¹⁸ Machiavelli, *The Prince*, 68.

jafnt yfir allt og alla. Afleiðingar slíkrar heimspeki eru talsverðar. Fyrir það fyrsta þá beinist hún ekki lengur að fáum útvöldum, heldur fólki af öllum stéttum. Hún snýst ekki lengur um það hvernig valdastéttin tekst á við einangruð vandamál í kastalanum; heldur hvernig við eigum að lifa lífi okkar almennt – innan virkis og utan. Ef Machiavelli stóð fyrir endurreisnarheimspeki aðalsins þá eru kennisetningar Kants nýaldarheimspeki almúgans. Eftir maðurinn sem slíkur losnaði undan guðlegri forsjá miðalda á endurreisnartímabilinu, var næsta rökrétta skref að frelsa manninn frá honum sjálfum – hugsunin gat ekki lengur verið hlekkjuð óskynsamlegu kennivaldi.

Hugmyndin um ríkið sem slíkt gat ekki lengur byggst á hefðum, hvað þá guðlegri fyrirhyggju líkt og á miðöldum. Aðeins hugmyndir sem skynsemin sjálf gat staðfest voru samþykktar. Líkt og fyrirmyndaríki Platons hafði endurspeglað sálina, helst ríki Kants í hendur við skynseminna. Hvað er þá skynsemin? Í einu orði: frelsi. „Kant hélt því fram að hver einasta skynsemisvera hefði bæði frelsisrétt og skyldu til að ganga í borgaralegt skipulag byggða á samfélagssáttmála til að hljóta og varðveita það frelsi“.¹⁹ Forsenda réttmætar valdbeitingar er að aðeins megi skerða frelsi einstaklingsins ef athafnir þess einstaklings skerða frelsi annarra. Sáttmálinn sem heldur ríkinu saman er ekki sögulegur eins og hjá Rousseau. Né byggist hann á notagildi, að það sé best fyrir borgaranna að samþykkja ríkisvald eins og hjá Hobbes. Þess í stað er hann *skynsamlegur*, í kantískum skilningi orðsins. Sáttmálinn er abstrakt hugmynd, hugartilraun þar sem Kant gefur sér að allar skynsemisverur myndu óhjákvæmilega samþykkja að ganga til borgaralegs skipulags til að hljóta og varðveita frelsi sitt.²⁰ Gagnrýnisvert er að ekki komast allir að samningaborði skynsemisinnar. Konur eru undanskildar út af „náttúrulegum“ ástæðum, án þess að nánar sé farið út í það, konur og börn verða því aðeins „passívir“ þátttakendur innan sáttmálans.²¹ Krafa skynseminnar við gerð sáttmálans og sú staðreynd að fólk þarf ekki „raunverulega“ að skrifa undir, heldur er honum haldið saman af skynseminni einni saman, gerir það einnig að verkum að „ríkið getur farið í stríð af lögmætum ástæðum sem það veit af, en borgararnir ekki“.²² Þetta minnir óneitanlega á hugmyndir Machiavellis – sem seinna nefndust *Staatsräson* – þar sem ríkið virðist mega spila eftir öðrum reglum en borgararnir. Spurningin vaknar hvort stjórnspeki Kants, sé nokkuð svo alþýðleg eftir allt saman? Hvort stjórnspekin tilheyri ekki bara elítunni? Þeim „skynsömu“? Hún er að minnsta kosti ekki lýðræðisleg. Engu að síður, þótt stjórnspeki Kants sé kannski ekki „almennileg“ þá er siðfræðin hans það tvímælalaust.

¹⁹ Rauscher, Friderick, „Kant’s Social and Political Philosophy,“ Stanford Encyclopedia of Philosophy <http://plato.stanford.edu/entries/kant-social-political/> (skoðað 7. maí 2016).

²⁰ Þessi hugmynd um skynsamlegan sáttmála átti eftir að hafa mikil áhrif á frjálslynda hugsuði m.a. John Rawls.

²¹ Rauscher, Friderick, „Kant’s Social and Political Philosophy,“ Stanford Encyclopedia of Philosophy <http://plato.stanford.edu/entries/kant-social-political/> (skoðað 7. maí 2016).

²² Sama rit.

Hvers konar siðfræði stendur Kant fyrir? Það er svokölluð skyldusiðfræði, þar sem siðferðisleg hugsun birtist okkur sem *skylda* og við eigum *ekki* að hlýða skyldunni af því að það gæti komið sér vel fyrir okkur, vegna *notagildi* hennar, heldur vegna þess að það er það *rétta* í stöðunni. Þessu til útskýringar er hægt að ímynda sér Lorenzo de Medici að reyna að hafa vit fyrir kornungum Machiavelli, sem spyr: hvers vegna hann megi ekki ljúga? Með vísun í slæmar afleiðingar gæti furstinn sagt: „Ef þú segir ósatt þá særir þú manneskjuna sem þú lýgur að.“ Snöggur með andsvar, gæti Machiavelli haldið því fram að kannski kæmist ekki upp um lygina, og þar af leiðandi enginn skaði skeður, hvers vegna mætti þá ekki ljúga stundum? Hafandi engin nothæf tilsvör til reiðu – þegar rökþrot blösuðu við – greip furstinn til örþrifaráða: „Af því bara, af því ég segi það.“ Með kaldhæðnistón hefur kenningum Kants stundum verið lýst sem „af því bara“²³ siðfræði, en slík nálgun gefur mjög villandi mynd, sérstaklega ef hún felur í sér að skyldusiðfræði byggist á einhvers konar kennivaldi – eins og t.d. foreldrum – þegar markmiðið er algjörlega andstætt. Einkennandi stef í heimspeki Kants er hugsunarfrelsi undan kennivaldi, lausn undan „viðjum þess [ósjálfræði] sem við eigum sjálf sök á“.²⁴ Kant myndi aldrei samþykkja, að barnið ætti ekki að ljúga, vegna þess að foreldrið segði því það, hann myndi segja: að það ætti ekki að ljúga vegna þess að *skynsemin* segði það. Og hér erum við komin að rótum einnar áhrifamestu hugmyndar vestrænnar heimspekisögu; tilraun Kants til að gera grein fyrir lögmálum skynseminnar og algildu siðferði.

Nú má kalla hæfileikann til að velja þær leiðir sem valda mestri velferð manns sjálfs hyggindi í þrengsta skilningi orðsins. Þannig er skylduboð um leiðir að eigin hamingju, þ.e. hyggileg fyrirmæli, samt sem áður ævinlega *skilorðsbundið*; ekki er mælt fyrir um athöfnina fortakslaut heldur sem leið að öðru markmiði.²⁵

Áhersla Kants á skyldurækni umfram notagildi (að stuðla hamingju eða draga úr böli), hefur stundum leitt til þess að hann er málaður upp sem harðbrjósta, kaldrifjaður karlskröggur sem beinlínis líti niður á hamingju.²⁶ „Hamingjan er hugsjón ímyndunarinnar en ekki skynseminnar,“²⁷ segir heimspekingurinn og þótt hann undirstriki vissulega skyldu fram yfir nytsemi, þýðir það ekki að skyldurækni hans eigi að lesast í andstöðu við hamingjuleit: „Maður þarf alls ekki vera fjandmaður dyggðarinnar heldur einungis að vera yfirvegaður athugandi, sem villist ekki á hinni eindregnu ósk eftir hinu góða og því að hún rætist, til að draga stundum í efa (sérstaklega þegar

²³ Villjálmur Árnason, *Farsælt líf réttlátt samfélag* (Reykjavík: Heimskringla, 2008), 82.

²⁴ Kant, Immanuel, „Svar við spurningunni: Hvað er upplýsing?“, *Skírnir* 1/167 (2001): 379-386.

²⁵ Kant, Immanuel, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2003) 132.

²⁶ Hill, Thomas, „Happiness and Human Flourishing in Kant's Ethics,“ *Social Philosophy and Policy* 1/16 (1999): 143-175.

²⁷ Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, 136.

árin færast yfir og maður hefur vitkæzt af reynslu og dómgreindin skerpzt við athugun) að í rauninni fyrirfinnst sönn dyggð í veröldinni“.²⁸ Hugtökin eiga að skiljast samhliða; hamingja og skylda eru ekki andstæðingar, heldur samherjar.

Er það t.d. slæmt að vera hygginn kaupslumaður?

Til dæmis er það í samræmi við skyldu að kaupmaður krefur ekki óreyndan kaupanda um of hátt verð; og þar sem viðskipti eru fjörleg gerir hygginn kaupmaður þetta ekki heldur hefur fast verð fyrir alla svo barn geti keypt gegn jafn vægu verði og hver annar.²⁹

Þó að almennt sé talið gott og rétt að hlunnfara ekki viðskiptavinum, gerir Kant greinarmun á þeim *ástæðum* er liggja að baki jafnræðinu; hugarfarið bakvið breytnina sýnir hvar hið raunverulega siðferði liggur, jafnvel þótt sumar athafnir hafi samkvæmt skilgreiningu *ekki siðferðilegt gildi* þá þýðir það ekki að þær séu endilega slæmar. Í slíkum tilvikum talar Kant stundum um að athafnir séu í *samræmi við skyldu* og að aðrar séu unnar *af skyldu*. Þetta geta verið sömu athafnirnar séð utan frá. Kaupmaður A hefur sama verð fyrir alla því að hann veit að „viðskipti eru fjörleg“ og að orðspor hans geti beðið hnekki snúði hann viðskiptavininn. Kaupmaður B hefur sama verð fyrir alla en, jafnvel þótt hann sé hinn mesti aurapúki og þrái skjótfenginn gróða, snúðar hann viðskiptavininn ekki vegna þess að það er það rétta í stöðunni. Það er *skylda* hans að breyta rétt þrátt fyrir langanir sínar.^{30 31} Aðeins seinni athöfnin hefur *siðferðilegt gildi*. Kant setur iðulega fram svipaðar andstæður, það er ekki vegna þess að hann hafi eitthvað á móti hyggnum kaupmönnum, heldur vegna þess að hann vill sýna hvar siðferðið liggur, og það er auðveldara að sjá hver *driffjöður* viljans er þegar maður er með bakið upp við vegg. Með því að stilla upp andstæðunum vill Kant sýna að annar „kaupmaðurinn hafi verið heiðarlegur af skyldu og vegna frumreglna heiðarleikans“,³² en enn fremur sýna hvar siðferðið sjálft liggur. Því það er „erfiðara að greina þennan mun þegar athöfn er í samræmi við skyldu og maður hefur *beina* hneigð til hennar“.³³ Þetta þýðir að þegar hagsmunum manns og skyldurækni fer saman er erfitt að segja hvenær maður breytir af skyldu og hvenær í samræmi við hana. Skýrasta framsetningin fæst með að setja upp andstæður.

²⁸ Sama rit, 119.

²⁹ Sama rit, 104.

³⁰ Sama rit, 106.

³¹ Villhjálmur Árnason, *Farsælt líf réttlátt samfélag*, 88.

³² Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, 104.

³³ Sama rit, 104.

Kant myndi segja að athafnir aurapúkans hefðu verið undir handleiðslu *hins góða vilja*,^{34 35 36 37} einnig þekkt sem hið *skilyrðislausu skyldubod*. Vilji okkar fær í sífellu boð, þau eru margskonar, þegar við breytum af skyldu líkt og níski kaupmaðurinn eru boðin skynsamleg, driffjöðurin er hinn góði vilji – sem er samheiti fyrir skynsemi – og þar af leiðandi eru aðeins boð sem eiga upptök frá viljanum sjálfum, með öðrum orðum skilyrðislaus, skynsamleg í ströngum skilningi. Hins vegar er það þannig að maðurinn er ekki einber skynsemisvera sem hlýðir lögmálum skynseminnar í sífellu. Stundum langar okkur t.d. „aðeins að maka krókinn“ líkt og hinn hyggni kaupmaður sem ákveður ekki að snuða viðskiptavini vegna þess að orðspor hans gæti beðið hnekki. Í slíkum tilfellum erum við ekki undir handleiðslu hins góða vilja, heldur liggur driffjöður viljans utan skynseminnar. Þá stýrist viljinn af svokölluðum *hyggindabodunum*.

Það má líta á boðin á líffræðilegan máta, líkt og mismunandi taugafrumur senda mismunandi taugaboð í gegnum líkamann. Boðkerfið sendir hugsuninni mismunandi fyrirmæli eftir því hvert verkið er:

- (i) *Færni*boð segja hugsuninni hvernig best sé að leysa tæknilegt verkefni, þar sem markmiðið er fyrirfram gefið. „ekki spurt hvort markmiðið sé skynsamlegt eða gott heldur einungis um það hvað þarf til að ná því“.^{38 39} Að svo miklu leyti sem ég vel markmiðið þá vel ég bestu leiðina að því óhjákvæmilega; ef ég er að flýta mér vel ég hraðbrautina ekki holótta malarveginn.
- (ii) *Hyggindabod* gefa hugsuninni ráð til að finna leiðir að hamingju.
- (iii) *Skyldubod* segja manni hvað sé *rétt* að gera (og ekki gera).

Þegar Kant talar um hyggindi sem leið til *hamingju* er vert að hafa í huga hvað hann á við með hamingju. Ég held að í dag geti flestir verið á þeirri skoðun að það sé hægt að vera hamingjusamur, þó maður sé óánægður þessa stundina. Alla jafna getum við talið okkur hamingjusöm þrátt fyrir einstaka óhapp. Hamingjan, eins og höfundur skilur hana, er líkari

³⁴ Hinn góði vilji Kants á sér a.m.k. fjórar hugmyndasögulegar rætur: (i) Hugmynd Platóns um að siðferðisleg hugtök (t.d. mér *ber* að) séu hreinar óempírískar skynsemishugmyndir sem eiga sér ekki uppsprettu í náttúrunni en fela engu að síður í sér nauðsyn. (ii) Hugmynd Aristotelesar um hið endanlega markmið (g. *Telos*) sem er ekki leið að neinu öðru markmiði. (iii) Hinn skilyrðislausu góða vilja (l. *Bona Volunta*) Heilags Ágústínus sem leitast við að lifa góðu og heiðvirðu lífi og loks (iv) hugmyndum Rousseau um frjálsan vilja sem siðferðislegt hreyfiafl, þ.e. siðferðislegt orsakavald, laus úr hlekkjum náttúrulegra orsaka; undirstaða mannlegs frelsis og hugmyndum okkar um ábyrgð.

³⁵ Riley, Patrick, „The „Elements“ of Kant’s Practical Philosophy: The Groundwork After 200 years (1785-1985),“ *Political Theory* 4/14 (1986): 553.

³⁶ Riley, Patrick „Rousseau’s General Will: Freedom of a Particular Kind,“ *Rousseau and Liberty* ritstj. Wonkler, Robert, (Manchester: Manchester University Press, 1995) 12.

³⁷ Riley, Patrick, „Rousseau’s General Will,“ *The Cambridge Companion to Rousseau*, Ritstj. Riley, Patrick, (Cambridge: Cambridge University Press, 2001) 136.

³⁸ Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, 131.

³⁹ Sbr. *techne* hugtak Forn-Grikkja og á íslensku stundum kallað *verkvit*.

farsældarhugtaki Forn-Grikkja, þar sem mælikvarðinn var lengra tímabil (jafnvel öll ævin), frekar en einstaka upplifun. Sumir vilja meina að „[s]kilningur Kants er að hamingjan felist ekki í því að fullnægja ástríðum heldur er fullnægging manna jafnan háð túlkun þeirra á sjálfum sér og ánægju sinni í ljós *heilidarhugmyndar* þeirra um líf sitt“.⁴⁰ Aðrir skilja hamingju Kants á þann veg að hamingjan sé „hversu vel maður kann við lífið þegar hlutirnir fara í samræmi við óskir manns og langanir.“⁴¹ Þessar túlkanir segja ekki alla söguna, og hægt er að skipta hamingjunni niður enn frekar. Annars vegar í skammlíft skynjanlegt ástand (e. *sensible state*), þar sem „sameinast allar hneigðir í eina heild“⁴² og hinsvegar langlífara vitrænt ástand (e. *intelligible state*),⁴³ „því að skynsemin sem veit að æðsta ætlunarverk sitt er að framkalla góðan vilja getur einungis glaðzt á sína vísu við að ná þessu takmarki, glaðzt yfir því að ná marki sem skynsemin ein setur, jafnvel þótt það brjóti oft í bága við markmið hneigðanna“.⁴⁴ Þessi tvískipting þýðir að hyggindi geta verið nautnamiðuð, svo framarlega sem langanir manns hafa ekki slæm áhrif á siðferði manns og hyggindi geta einnig gert manni kleyft að brosa í gegnum tárin, að vera hamingjusamur þrátt fyrir mikinn sársauka, t.d. meiðsl eftir að hafa unnið þrekvirki.

Hins vegar skiptir það engu máli hvaða ástandi leitast er eftir, hamingjuna er ekki hægt að finna með neinni öruggri aðferð. Það er enginn hraðbraut sem hægt er að taka til að stytta sér leið og því neyðumst við til að taka holótta malarveginn. Jafnvel þótt við getum ekki stillt á sjálfstýringu, keyrum við ekki blint, því að á lífsleiðinni við getum fundið vegvísa að hamingju. „[V]ið [getum] ekki unnið eftir ákveðnum grunnreglum til að verða hamingjusöm heldur einungis eftir ráðum úr reynslu, til dæmis um matarræði, sparsemi, kurteisi, taumhald og þar fram eftir götunum, sem reynslan hefur sýnt að valdi að meðaltali mestri vellíðan“.⁴⁵ Hér sést andstaðan við Machiavelli ljóslega, hér krefjast hyggindi ekki þors og kjarks, *virtú*, að grípa tækifærin þegar þau gefast; heldur er sá hygginn sem heldur varlega í tauminn. Kant og Machiavelli, deila hins vegar þeirri skoðun að það sé hyggilegt að læra af reynslunni. Enn fremur eru þeir sammála um að hyggindi séu ekki nákvæm vísindagrein, heldur frekar eins og „gott gisk“.

Ef við gætum jafn auðveldlega laðað fram hamingjuhugtak, þá kæmu hyggnisboðin algerlega heim og saman við færnisboðin og væru rökhæfingar [...] En því er nú verr að hamingjuhugtakið er svo óljóst [...] Ástæðan er sú að allir þættir í hamingjuhugtakinu eru fengnir í reynslu, en vegna Hugmyndarinnar um hamingju er samt sem áður krafizt

⁴⁰ Villhjálmur Árnason, *Farsælt líf réttlátt samfélag*, 92.

⁴¹ Rauscher, Friderick, „Kant's Social and Political Philosophy“, Stanford Encyclopedia of Philosophy <http://plato.stanford.edu/entries/kant-social-political/> (sótt 7. maí 2016)

⁴² Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, 107.

⁴³ Wike, Victoria S., *Kant on Happiness in Ethics*, (Albany: State University of New York Press, 1994), 1.

⁴⁴ Kant, *Grundvöllur að siðlegri breytni*, 103.

⁴⁵ Sama rit, 136.

endanlegrar heildar, mestu vellíðunar á líðandi stund og um alla framtíð. [...] Af þessu leiðir að hyggindaboð bjóða strangt til tekið alls ekki, þau geta ekki sýnt hlutlægt fram á að athöfn sé verklega *nauðsynleg*; og ber frekar að líta á sem ráðleggingar (*consilia*) en sem boð (*praecepta*) skynseminnar. [...] [V]egna þess að *hamingja er hugsjón ímyndunarinnar en ekki skynseminnar*, hugsjón sem hvílir einungis á reynslu, og athöfn sem ræðst af reynslurökum getum við aldrei væntzt að hafi í reynd óendanlega röð afleiðinga.⁴⁶

Í byrjun kaflans nefndi ég að hamingjuleit ætti ekki að skiljast sem andstæða við siðferðislega hugsun, jafnvel þótt skylduboð geti „trompað“ hyggindaboð, í þeim tilvikum þegar hagsmunir manns ganga gegn skyldum manns. Hér eftir mun ég útfæra þrjú dæmi sem Kant setur fram í *Grundvellinum* og sýna fram á að stundum er það beinlínis skylda manns að beita hyggindum:

- (i) Hyggindi sem hjálpa manni sjálfum að blómstra svo maður eigi auðveldara með að lifa siðlega.
- (ii) Hyggindi sem hjálpa manni að láta aðra ná markmiðum sínum.
- (iii) Hyggindi svo hægt sé að standa við skuldbindingar.

Samkvæmt Kant eru hyggindi, hæfileiki til að sjá þau markmið sem eru manni til varanlegra hagsbóta. Þessi hæfileiki kemur ekki aðeins sjálfum manni til góðs sem einhvers konar uppfylling nautna og almennrar vellíðunar, heldur hjálpar hæfileikinn manni líka að uppfylla sínar skyldur. Ef við gefum okkur að það sé einhvers konar fylgni milli hygginda og hamingju; að sá sem sé ríkulega hygginn sé alla jafna farsælli heldur en sá sem býr við skort á hyggindum. Þá má færa fyrir því rök að sá sem hefur meiri hyggindi sé að sama skapi siðlegri en sá sem þau skortir. Rökin eru tvenns konar og skoðast út frá neikvæðu og jákvæðu siðferðisþreki. Í fyrsta lagi er *erfiðara* að vera siðlegur ef maður er ekki hamingjusamur og í öðru lagi er *auðveldara* að vera siðlegur ef maður er hamingjusamur:

Sérhverjum ber skylda til að tryggja sína eigin hamingju (að minnsta kosti óbeint); því að óánægja með eigið ástand, þegar þungar áhyggjur hvíla á manni og þörfum manns er ekki fullnægt, gæti hæglega orðið *freisting til að bregðast skyldum sínum*.⁴⁷

Það er alla jafna auðveldara að gera öðrum gott ef maður er sjálfur í góðu jafnvægi. Hæfileikarík og farsæl manneskja við góða heilsu á auðveldara að haga sér siðlega, hyggindi hennar fjarlægja

⁴⁶ Sama rit, 136-137, leturbreyting mín.

⁴⁷ Sama rit, 107.

hindranir og þær freistingar sem geta fengið mann til að haga sér ósiðlega.⁴⁸ Í *Grundvellinum* tekur Kant dæmi af manni sem:

[F]yllist leiða á lífinu svo að jaðrar við örvæntingu vegna ógæfu sem hann hefur ratað í, en hann hefur enn svo mikið vald á skynsemi sinni að hann spyr sig hvort það brjóti ekki í bága við skyldu hans við sjálfan sig að fyrirfara sér.⁴⁹

Örvæntingafullur maðurinn á ekki að viðhalda lífi sínu vegna sjálfelsku því það mun frekar „verða til ama en ánægju að viðhalda því“⁵⁰ heldur af skyldu við sjálfan sig og mannkynið í heild. En Kant klárar ekki söguna af lífsleiða einstaklingnum. Hvað á hann svo að gera? Það liggur fyrir að hann eigi ekki að kála sér, en varla er það nóg? Hvernig á hann að rífa sig upp? Væntanlega með hyggjuviti sínu. Þar að auki, þegar hann liggur niðri í sjálfsvorkunn og ráðaleysi, jafnvel þótt hann sleppi sjálfsmorði, er hann ekki samt að bregðast skyldu sinni? Á þeim tímapunkti telst hann varla uppfylla *ófullkomna skyldu* sína gagnvart öðrum. Okkur ber nefnilega að hjálpa öðrum að ná markmiðum sínum og til þess þurfum við hyggjuvit.

Okkur ber skylda að hjálpa öðrum að ná markmiðum sínum, en okkur ber líka skylda að virða aðra sem markmið í sjálfu sér. Hvenær er maður að hjálpa öðrum að ná markmiði sínu og hvenær er maður einfaldlega að hjálpa öðrum að ná „sínu“ markmiði? Markmiði sem maður heldur að viðkomandi vilji? Einhvers konar markmiðadrifin forræðishyggja sem grefur samkvæmt skilgreiningu undan sjálfraði persónunnar. Þarf hyggjuvit til að þekkja muninn á því hvenær maður varpar sínum eigin markmiðum á aðra og hvenær maður er raunverulega að hjálpa þeim að ná sínum eigin? Þarf kannski eitthvað annað og meira en hyggjuvit til þess? Það liggur fyrir að hyggindi eru nauðsynleg til að nálgast manns eigin markmið, og maður þarfnast líka hygginda til að hjálpa öðrum að ná markmiðum sínum en vandamálið er að vita hvaða markmiði maður á að hjálpa öðrum að ná.

Til að finna þessa fínu línu milli forræðis og fórnfýsi, þarf eitthvað annað en einber hyggindi, til þess þarf *visku*. Samkvæmt Kant er „viska og góður vilji er það sama.“⁵¹ Engu að síður spila hyggindi þar stórt hlutverk, en duga ekki ein og sér til. Við fyrstu sýn mætti halda að *dómgreind* myndi sjá til þess, en svo virðist ekki vera. Í *Gagnrýni dómgreindar* gerir Kant greinarmun á annars vegar ígrundandi (þ. *reflektierend*) og hins vegar mótandi (þ. *bestimmend*) dómum. Ígrunduðum dómum skiptir hann svo enn frekar upp í fagurfræðilega dóma – um það fallega og háleita – og markhyggju dóma – sem eigna náttúrulegum hlutum markmið eða tilgang. Þessi tæknilega tegund

⁴⁸ Wike, Victoria S., *Kant on Happiness in Ethics* (Albany: State University of New York Press, 1994), 94.

⁴⁹ Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, 141.

⁵⁰ Sama rit, 141.

⁵¹ Engstrom, Stephen, „Kant’s Conception of Practical Wisdom,“ *Kantstudien* 1/88 (1997): 25.

dómgreindar sem um ræðir er ekki til þess fallin (nema á óbeinan hátt) að ákvarða hvort viðeigandi sé að hjálpa öðrum að ná markmiði sínu, þar sem svið hennar liggur í vísindum og listum en ekki mannlegri farsæld. Þannig virðist höfundurinn sem aðeins hinn góði vilji (viskan) geti stýrt hyggindum manns á rétta braut svo hjálpa megi öðrum að ná markmiðum sínum. „Við erum aðeins tilbúin að kalla þá vitra sem hafa raðað sínum lífskostum í samræmi við það sem er sannarlega gott og mikilvægt í lífinu, og þessi skilyrði fela í sér hugmynd Kants um samræmi viljans við hin æðstu markmið“.⁵² Aðeins driffjöður hins góða vilja tryggir það að við göngum ekki á frelsi annarra þegar við hjálpum þeim að ná markmiðum sínum. Aðeins hyggindi sjá til þess að við vinnum verkið vel.

Hér er þriðja og seinasta dæmið um að það geti verið skylda manns að beita hyggindum. Kant tekur dæmi af manni sem sér sig tilneyddan til að fá peninga að láni. Vitandi vel að hann muni ekki geta borgað til baka, hugsar hann með sér: „gæti ég gert það að almennri lífsreglu að fólk lofi endurgreiðslu en standi ekki við skuldbindingar?“ Við alhæfinguna kemur fram mótsögn, loforð sem sífellt eru svikin eru ekki loforð heldur prettir og þar með missa alla merkingu.

Spurningin er til dæmis: má ég, þegar ég rata í ógöngur, ekki gefa loforð með þeim ásetningi að standa ekki við það? Ég sé auðveldlega að þessa spurningu má skilja á tvo vegu: er það hyggilegt að gefa svikult loforð eða er það í samræmi við skyldu? Það fyrra á sér efalaust einatt stað. Ég sé raunar að það nægir mér ekki til að losa mig úr vandræðum sem ég er í núna heldur verð ég að íhuga hvort ekki leiði enn meiri óþægindi af þessari lygi fyrir mig en þau sem ég forða mér nú frá. Og þar sem afleiðingar allra minna meintu *klókinda* eru ekki svo auðveldlega fyrirsjáanlegar að mögulegt er að traust sem einu sinni er glatað geti orðið mér til mun meiri vansa en allt það böll sem ég er nú að reyna að forðast, þá verð ég að íhuga hvort ekki kunni að vera *hyggilegra* að breyta eftir almennri lífsreglu og gera það að venju sinni að gefa ekki loforð nema í þeim ásetningi að standa við það.⁵³

Gefum okkur að lántakandinn sjái sig fullfærann um að borga til baka. Hann hugsar á svipuðum nótum og áður og á í engum skynsamlegum erfiðleikum með að búa til „algilt náttúrulögmál [sem sé] sjálfu sér samkvæmt“⁵⁴ Um leið og loforðið er gefið, skuldbindur skuldunauturinn sig sínum lánadrottni til framtíðar. Framtíðin spilar hér lykilhlutverk. Hún er eins og Machiavelli benti á óræður ólgusjór sem erfitt er að koma böndum á.⁵⁵ Til þess að eiga möguleika á að standa við gefin orð þurfum við hyggindi, við þurfum yfirsýn yfir hlutina. Sá sem er óreyndur í háttum

⁵² Sama rit, 36.

⁵³ Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytis*, 111-112.

⁵⁴ Sama rit, 142.

⁵⁵ Machiavelli, *The Prince*, 68.

heimsins og ófær um að sjá fyrir veg veraldar, getur ekki lofað einu né neinu, hann eða hún þarfnast hygginda, til að meta hvort hægt sé að standa við skuldbindingar til að byrja með.

Kant skrifar:

Orðið hyggindi [þ. *Klugheit*] er notað í tvennum skilningi, í öðrum skilningnum er það nafn á klókindum [þ. *Weltklugheit*], í hinum á vizku [þ. *Privatklugheit*]. Fyrri skilningurinn er færni manns til að hafa áhrif á aðra sjálfum sér til hagsbóta. Sá síðari er innsýn í öll þau markmið sem eru manni til varanlegra hagsbóta. Gildi fyrra skilningsins er réttilega sótt til þess síðara, og um þann sem er hygginn í fyrra skilningnum en ekki í þeim síðari, ættum við fremur að segja að hann sé dugandi [þ. *geschent*] og slunginn [þ. *verschlagen*] en ekki hygginn þegar til alls er tekið.⁵⁶

Orðfar Kants, þegar þessi orð eru rituð í neðanmálsgrein *Grundvallarins*, hafa þegar orðið fyrir „machiavellískum“ áhrifum endurreisnarinnar. Tvíræðnin virðist a.m.k. komin til að vera – að sá sem er duglegur að finna leiðir sé ekki endilega góður. Hins vegar er áhugavert að hann virðist ekki tilbúinn að slíta sig við forn- og miðalda hugsjónir um hið góða, þegar hann hugsar málið til enda. Fyrir tíma endurreisnarinnar var almennt talið að hin æðstu siðferðislegu markmið væru algild, í þeim skilningi að hugmyndir um hið góða líf væru öllum mönnum sameiginlegar – alltaf. Á endureisnartímabilinu umbreytir fjölhyggja Machiavellis þessari *hugmynd um eitt endanlegt gott markmið*. Machiavellískt siðferði er margbreytilegt og hyggindi felast að vissu leyti í því að þröngva manns eigin gildismati upp á aðra, því á endanum eru markmiðin ósammælanleg (e. *incommensurable*).⁵⁷ Heimspeki Kants hafnar fjölbreytilegu siðferði, hyggindi verða að taka tillit til þess öll séum við skynsemisverur – ekki aðeins aðalinn – öll erum við markmið í sjálfu sér og sú staðreynd setur hyggindum siðferðisleg mörk. Hinn góði vilji setur ekki aðeins hyggindum takmörk eða aðhald, hann sér einnig um að móta hyggindi okkar, á lífsleiðinni göngum við í gegnum „siðlega menntun“,⁵⁸ byggjum upp *karakter* og „siðferðislegan styrk“,⁵⁹ sem sér til þess að við getum lifað hamingjusömu en umfram allt siðlegu lífi. Það að vera dugandi og slunginn í að finna leiðir að markmiði sínu, þýðir ekki að maður sé hygginn né góður.

Kant notar hugtakið hyggindi á þrenns konar hátt. Í fyrsta lagi eru þau sá *hugsunarháttur* sem stefnir að manns eigin velferð, í öðru lagi eru þau *manngildisdómur*, við getum bent á fólk og sagt með sjálfum okkur, þessi er hygginn á meðan þessi er klókur. Í þriðja lagi eru þau *dyggð* eða

⁵⁶ Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, 132.

⁵⁷ Garver, Eugene, „After Virtú: Rhetoric, Prudence, and Moral Pluralism in Machiavelli,“ *Prudence: Classical Virtue, Postmodern Practice* ritstj. Harriman, Rober (Pennsylvania: Pennsylvania State University Press, 2003), 67.

⁵⁸ Engstrom, Stephen, „Kant’s Conception of Practical Wisdom,“ *Kantstudien* 1/88 (1997): 36.

⁵⁹ Sama rit, 41.

hæfileiki sem við getum ræktað, svo framarlega sem við vanrækjum ekki skyldur okkar á meðan. Kant myndi segja að svo lengi sem við högum okkur siðlega getum við beitt hyggjuviti okkar og verið hamingjunnar verð.

Priðji þáttur: Heiðar Högni Guðnason – kenning um hyggindi

Veit hygginn hvað við sitt hæfi.

Í upphafi sagði ég ef heimspekisagan væri leikrit þá væri Machiavelli skúrkurinn. Það er því kannski við hæfi að í lokakafla þessarar ritgerðar notast ég við leikhúsið til að smíða kenningu um hyggindi.

Hvernig á að lesa kaflann? Kenningin byrjar á sviðinu, tekur síðan til greiningar á þeim leikurum sem stíga á stökk, einstaklinginn í samfélagi og samspil þeirra. Loks er leikurinn sjálfur greindur í því skyni að komast að því hvernig hyggindi virkar.

Velkomin í leikhús hygginda!

Hvers vegna kenning um hyggindi? Ein ástæða er einföld sjálfsbjargarviðleitni. Í flóknum og síbreytilegum heim stjórnmálanna sem teygir stundum anga sína á öll svið samfélagsins getur verið hyggilegt að láta ekki plata sig. Að geta vegið og metið stjórnmálamenn og stjórnmálin sem þeim fylgja á yfirvegaðan og kerfisbundinn hátt, að geta sigtað út mælskubrögð frá málefnalegum verðmætum, að skilja hvernig ábyrg stefnumótun gæti virkað, og hvað fer í gegnum hausinn á stjórnmálamönnum yfirhöfuð – með öðrum orðum, það getur verið hyggilegt að beita gagnrýnni hugsun, sérstaklega þegar það kemur að stjórnmálum. Hyggindi geta verið nauðsynlegur þáttur þess að skapa heilbrigt og réttlátt samfélag. Fyrstu bylgju femínistar segja jafnan að hið persónulega sé pólitískt og í því er talsverður sannleikur, hið persónulega líf ákvarðast að miklu leyti af aðgerðum stjórnvalda og meira að segja Machiavelli vissi að vald furstans hengi á velvild þegnanna. Borgararnir geta ekki stungið hausnum í sandinn og treyst í blindni á yfirvaldið. Kant sýndi okkur að samfélagið sem við lifum í verður að vera byggt á skynsemi. Þegar stjórnvöld taka óskynsamlegar ákvarðanir eða reyna að slá ryki í augu borgaranna verða þátttakendurnir að notast við borgaraleg hyggindi sín til að veiga upp á móti földum fyrirætlunum. Þar að auki segjast stjórnmálamenn oft vera málsvarar hygginda og því þarf gagnrýnin augu til að tryggja að rétt sé farið með mál. Hyggindi sem slíkt er samofið stjórnmálasögunni og við erum ekkert að losna undan pólitíkinni á næstunni.

Kenningin skiptist í: (i) leiksvið, (ii) leikendur og (iii) leik. Við lesturinn er hyggilegt að ímynda sér leikritið meira eins og spuna, fremur en hefðbundna leiksýningu með handritshöfundum og leikstjórn. Sviðið sem slíkt tákna þá óvissu sem hyggindi beinast að, þann pólitíska veruleika sem fylgir engum fyrirfram gefnum lögmálum. Aðstæður á sviðinu breytast ekki að yfirlögðu ráði, heldur tekur óvæntar stefnur, rétt eins og lífið sjálft. Sviðsmyndin sem um ræðir er hvíkynd og líkist meira því óstöðuga fljóti sem Machiavelli barðist í; heldur en reglufastri heimsmynd Kants og Newtons. Með aðalhlutverk í leikritinu, fer hygginn einstaklingur, siðferði og hugsunarháttur. Henni eða honum til halds og trausts, stígur á svið samfélagið í heild sinni, þar sem samleikur þeirra – ástir og örlög – eru loks dæmd af sögunni sem situr og fylgist með úr salnum.

Sviðið – pólitísk frumspeki

Hygginn lætur sér segja.

Í þessu umróti óvissu og mótmæla og í kjölfar nýliðinna atburða hefur fjöldi fólks víða að úr þjóðfélaginu á undanförunum vikum höfðað til skyldu minnar, reynslu og ábyrgðar og beðið mig að endurskoða ákvörðunina sem ég tilkynnti í nýársávarpinu, hvatt til þess að ég gefi á ný kost á mér til embættis forseta Íslands, standi áfram vaktina með fólkinu í landinu. Hefur þá iðulega verið vísað til þess að eftir alþingiskosningar geti myndun nýrrar ríkisstjórnar reynst erfið og flókin og sambúð þings og þjóðar áfram þrungin spennu. Ýmsir höfðu að vísu á undanförunum mánuðum borið upp slíkt erindi en eftir atburði síðustu vikna og í ljósi óvissunnar framundan hefur sú alda þrýstings orðið ærið þung. ⁶⁰ – Ólafur Ragnar Grímsson.

„Þetta eru miklir óvissutímar sem menn lifa nú og það er afar þýðingarmikið að allir stígi varlega til jarðar,“ sagði Davíð Oddson þáverandi seðlabankastjóri vorið 2008 eftir að krónan tók óvænta dýfu þann daginn.⁶¹ Eftirleikurinn hjá fyrrverandi seðlabankastjóra er flestum kunnur, og í augum flestra eru þær aðgerðir sem gripið var í framhaldinu ekki dæmi um hyggindi, frekar afglöp og líklegast hefði Davíð átt að stíga fastar til jarðar en raun bar vitni. Það hvort forseti Íslands sé að sýna hyggindi með því að bjóða sig fram til endurkjörs í sjötta skipti á sagan hins vegar eftir að dæma.

Óvissan er svið hygginda. Hinn pólitíski leikari fær aldrei handrit í hendurnar, það eru engar fyrirfram gefnar leiðbeiningar sem leikarinn getur stuðst við. Það er stundum sagt að það sé ekki hægt að kenna neinum að vera farsæll stjórnámalaður. Að stjórnámál séu listgrein frekar en vísindi og þótt nemandinn geti tileinkað sér yfirgripsmikla þekkingu í hinum ýmsu fræðum þá má

⁶⁰ Tekið úr yfirlýsingu forseta Íslands þann 18.04.2016 þar sem hann sækist eftir endurkjöri í sjötta sinn. Vefur skrifstofu forseta Íslands, http://www.forseti.is/media/PDF/2016_04_18_Yfirlýsing.pdf/.

⁶¹ Sjá meðal annars, grein Pressunar birta 17. mars 2008, <http://tinyurl.com/hp7frs6/> (skoðað 17. apríl 2016).

fullvissa vísindanna sér lítils gagnvart stjórnlistinni, sem krefst skapandi hugsunar umfram góðar fyrirmyndir. Machiavelli talaði um örlögin sem ólgufljót og ég held að hinn pólitíski veruleiki samsvari þeirri myndlíkingu á margan hátt. Hann er óræður og erfiður viðureignar, óljós og stundum grimmur. Eftir því sem óvissan er meiri, því meiri þörf er á hyggindum.

Hyggindi þrífast best þegar valið er erfitt. Ef leiðin er greið eða fyrirfram gefin þarf engin hyggindi til að feta hana, hin hyggna þrífir augun á sjóndeildarhringinn óaðvitandi hvað tekur á móti henni. Óvissan er lykilatriði. Ef hægt væri að vinna fullnaðarsigur á efanum líkt og Descartes og Leibniz ætluðu sér, gæti stigið fram óskeikull spámaður sem með yfirburða skynsemi sinni gæti fyrir séð besta kostinn í stöðunni. Slíkur vitringur getur aldrei verið hygginn, því þau þurfa vafamál; ófyrirsjáan- og óútreiknanleika; efan og óvissuna.⁶² Slíkur spámaður myndi ekki beita hyggindum, heldur einhvers konar tækni (g. *τέχνη*), á svipaðan hátt og húsasmiður beitir tækni sinni þegar hann fer eftir fyrirfram gefnum teikningum arkítektsins. Hyggindi byggja á tilleiðsurökum ekki afleiðslurökum. Óvissan er nauðsynleg forsenda þess að hygginn hugsun geti átt sér stað, ef vísinda- eða stærðfræðileg handrit eru til staðar beitir leikarinn einfaldlega leiktækni, er hann leggur orðin á minnið í stað þess að spinna þau upp á staðnum.

Sviðið er hins vegar ekki eintóm óvissa í strangasta skilningi orðsins. Oft má gera ráð fyrir framvindunni og með því að horfa aftur fyrir sig og nýta reynslu sína og þekkingu á almennum siðum, má draga úr óvissu. Þetta lagði Machiavelli mikla áherslu á, að hygginn væri sá fursti sem væri vel að sér í sögunni og Kant kom auga á nokkra mannsiði sem gætu stuðlað að velsæld. Í dag er mannlegt líf og stjórn málin sem fylgja þeim ögn flóknari, þar sem alls konar hugmyndafræði keppast um yfirráð. Stundum virðist sviðið jafnvel ekkert vera í neinni óreiðu; að búið sé að skrifa reglurnar fyrirfram.

Krafa nútíma stjórnarháttanna um skilvirkni getur leitt til þess að hendur stjórn málamanna séu bundnar umfram það sem góðu hófi þykir. Aðeins þær stjórnvaldaðgerðir sem unnar eru í samræmi við nýjustu hagfræðilíkön, sem sýna hámarks skilvirkni og framleiðni, þykja skynsamlegar og þær aðgerðir sem ekki passa inn í líkanið eru stimplaðar órókréttar. Max Weber ímyndaði sér heim þar sem tæknihyggjan og rökvaðingin hefði náð fullri stjórn á mannlegu lífi, og þar af leiðandi hyrfi allur grundvöllur fyrir rökræðu um góða hluti (siðferðisleg verðmæti). Vísindin hefðu þegar tekið fram fyrir hendurnar á manninum og tekið ákvörðunina fyrir hann. Þetta kallaði hann *járnbúið* en innan þess var ekkert ráðrúm til að velta fyrir sér markmiðinum eða

⁶² Það má færa rök fyrir því að frelsi, nýsköpun og óvissa haldist í hendur. Að vegna þessarar óvissu sé frelsi og nýbreytni möguleg. Að fyrirfram gefin atburðarás gefi ekki ráðrúm til að beita eigin hyggjuviti gegn henni án frumspekilegrar þversagnar. Það virðist vera rökrétt, að ef heimurinn er fyrirsjáanlegur þá er varla hægt að tala um frelsi og hvernig er hægt að undrast yfir dásemd nýsköpunar ef hún kom manni ekkert á óvart?

eiga í samræðu um þau, rökleg hönd vísindanna hafði þegar valið og hafandi ekkert um valið að segja myndi það leiða manninn í „róttæka efahyggju, siðferðislega sjálfðæmishyggju, eða enn verr nihilisma“.⁶³ Óviss, hvort hún verði fönguð í járnbúrið, er hægt að spyrja sig hvort þörf sé á hyggindum til þess eins að „gera tilveruna bærilega“?⁶⁴ Það má orða það svo, að hyggindi séu nauðsynleg svo brjótast megi út úr búrinu; svo lífið verði aftur spennandi.

Það er stundum sagt að hygginn orðræða sé aðeins til þess fallin að viðhalda því kerfi sem fyrir er.⁶⁵ Þessi tiltekna tegund af hyggindum, útskýrir að mínu mati hvers vegna hyggindi hafa stundum verið bendluð við íhaldssemi og varfærni. Mælskumaðurinn þarf fyrst að læra tungumál valdastéttarinnar (kerfisins) áður en hann getur látið til sín taka á hinu pólitíska sviði, svo um leið og hún hefur náð tökum á því, hefur kerfið náð tökum á henni; og hann er orðinn hluti af ríkjandi valdafyrirkomulagi. Róttækur hugsuður gæti haldið því fram, að athafnir fallnar til þess að viðhalda núverandi valdafyrirkomulagi, sé í raun ekki hyggjar. Að einungis þær sem yrðu til breytingar á kerfinu stæðust prófið. Slík nálgun er hæpin, sem kemur út sem óeðlileg og jafnvel útópísk krafa á einstaklinginn. Með þeim afleiðingum að aðeins sögunnar stórmenni teldust í raun hygginn.

Einhver gæti haldið því fram að athafnir, aðeins til þess fallnar til að viðhalda núverandi valdafyrirkomulagi séu í raun ekki hyggjar, að hyggindi yrðu að vera til þess að breyta eða bæta stöðuna. Það tel ég ekki vera, svo framarlega sem athöfnin verður ekki til þess að gera hlutina verri, gæti hún talist hygginn. Ef hún þyrfti alltaf að vera til bóta setti það útópíska og óeðlilega kröfu á einstaklinginn með þeim afleiðingum að aðeins sögunnar stórmenni teldust í raun hygginn.

Hins vegar vill vald festast. Þeir sem hafa það reyna alla jafna að halda því heljargreipum – á Íslandi er t.d. hægt nú að kjósa forseta til endurkjörs í sjötta skipti. Hyggindi eru kannski ekki *róttæk* í þeim skilningi að þau séu til þess fallin að umbreyta eða fella núverandi kerfi með offorsi, oft eru breytingarnar hárfínni og nákvæmari. Hins vegar gera hyggindi þá kröfu að það kerfi sem það beinist að sé ekki við stjórnvölinn. Hyggindi eru ekki óvirk í þeim skilningi að þau fljóti með innan kerfisins og hafi engin áhrif á það. Þess þá heldur eru hyggindi til þess fallin að hafa áhrif á kerfið, í manns eigin þágu. Nýútskrifaður hagfræðingur sem kann kennisetningar fagsins upp á há, er ekki hygginn nema hann geti nýtt þekkingu sína til að hafa áhrif á kerfið.

⁶³ Kim, Sung Ho, „Max Weber,“ Stanford Encyclopedia of Philosophy <http://plato.stanford.edu/entries/weber/> (skoðað 17. apríl 2016).

⁶⁴ Hariman, Robert, „Prudence in the Twenty-First Century,“ *Prudence Classical Virtue, Postmodern Practice*, 293.

⁶⁵ Sama rit, 295.

Hyggindi eru að hafa vald *yfir* kerfinu ekki vald *á* því. Við getum sagt að það sé ekki nóg að leikarinn kunni að leika, leikurinn þarf líka að hrífa áhorfendur.

Leikarar – hæfileikar og siðferði

Hyggindi sem í haug koma.

Hvað þarf góður leikari að hafa? Hann eða hún þarf jú, að hafa einhverja *hæfileika*. Það er stundum talað um góða leikara, en alla jafna er það ekki siðferðisleg skírskotun. Hins vegar skal hafa það í huga að hér eftir, ef minnst er á *góðan* leikara er það vísun í siðferði ekki leikhæfileika. Hygginn leikari þarf hins vegar að vera bæði góður og hæfileikaríkur. Þegar ég segi að leikarinn þurfi að vera góður þýðir það ekki að hann þurfi að vera einhvers konar dýrlingur, ósérplæginn siðapostuli sem sé ávallt tilbúinn að fórna sjálfum sér. Engu að síður má hann eða hún ekki vera skúrkurinn. Leikarinn getur verið „venjulegur“ í víðasta skilningi orðsins. Að hann hagi sér að mestu leyti samkvæmt venjum; að atferli hans falli a.m.k. ekki fyrir neðan siðferðisleg viðmið. Því annars telst leikarinn ekki lengur sýna hyggindi. Og fyrst við erum á fjöllum leikhúsins, þá er vert að taka það fram að það er alveg hægt að þykjast vera hygginn; vondur maður getur oft falið illvirki sín í skóli góðverka en svo framarlega sem réttar forsendur séu til staðar er skúrkurinn - sama hversu snjall hann er – ekki hygginn og á þessum nótum skil ég leiðir við Machiavelli og tek undir með Kant. Því samkvæmt Machiavelli er það hyggilegt að fela lesti sína með leikriti, að setja upp grímu og þykjast góður á meðan Kant myndi kalla slíkan mann „dugandi og slunginn en ekki hygginn þegar til alls er tekið“.^{66 67} Hyggindi og illska blandast ekki vel saman.

Hyggindi fela meðal annars í sér getuna til að lifa hinu *góða lífi*, í víðasta skilningi orðsins. Og þó maður geti ekki verið vondur og hygginn; þá komast hjartahreindir einfeldingar ekkert endilega langt. Það þarf meira en einskæra góðmennsku til að vera hygginn. Að ætla að gera grein fyrir því hvernig má lifa góðu lífi er kannski full háleytt markmið, til þess þarf að tína ansi mikið til. Það er því kannski við hæfi að byrja á byrjuninni: Maður fæðist ekki hygginn, maður verður það. Til þess þarf *reynslu*, en það ekki þar með sagt að maður verði hygginnari því lengra sem maður hefur gengið á lífsleiðinni. Reynsla sem slík getur verið góð og slæm og sá sem hefur frá blautu barnsbeini, aðeins upplifað kvöl og pínu, fær ekki ráðrúm til að rækta hæfileika sína og því er nauðsynlegt að líta bæði til *gæða* og *magn* reynslu, þegar hugað er að skilyrðum hygginda.

⁶⁶ Machiavelli, Niccoló, *Furstinn* (New York: Dover Publication Inc, 1992), 46.

⁶⁷ Kant, Immanuel, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2003), 133.

Hvaða hæfileikar eru þetta annars sem er svo mikilvægt að rækta svo okkur farnist sem best? Eru það greind? Eflaust er hægt að finna einhverja rannsókn sem sýnir fylgni greindarvísitölu og lífsvelgengi, en mælanleg velgengi segir ekki allt, og greind ekki heldur. Ofvita teljum við ekki hyggna, þrátt fyrir ótvíræða hæfileika þeirra á sumum sviðum. Þar að auki er vel hægt að ímynda sér óhygginn einstakling sem er (mælanlega) ríkur. Stundum heyrir maður sögur af fólki sem hlotið hefur úrvalsmenntun og er vel að sér í hinum ýmsu fræðum en á í stökustu vandræðum með mannleg samskipti og nær því ekki að fóta sig almennilega í lífinu. Á sama tíma er til fólk sem á að baki enga formlega menntun en hefur sérstakt lag á að flykkja fólki bak við sig. Það býr yfir einhverju öðru en þekkingu. Það hefur einhverja útgeislun eða persónutöfra; stundum kallað náðarvald og jafnvel tilfinningagreind. Á ensku er stundum talað um að vera *street-smart*, þ.e. hæfileikann til að bera sig vel í hinu erfiða og jafnvel hættulega umhverfi borgarinnar. Kannski hefur gnótt dreifbýlis og skortur á götuglæpum á Íslandi orðið til þess að *götugáfur* hafi ekki (enn?) náð fótfestu. Íslenskt tungumál fylgir frekar aristótelískum hefðum og er alla jafna talað um bókvit, verkvit og siðvit, þar sem siðvit (g. *phronēsis*) kemst hugsuninni nálægt en þó ekki jafn fullnægjandi og götugáfur. Þegar hyggindi leikarans eru metin, er betra að horfa á stóru myndina. Heildarpakka allra vitsmuna og siðferðis, sem nýtast henni eða honum (og öðrum) til hagsbóta. Sérstakt tillit skal taka til getu einstaklingsins til að þrífast við erfiðar aðstæður. Þegar litið er á leikarann út frá heildrænu frekar en sértæku sjónarhorni, kemur í ljós hvers vegna hyggindi eru oftast tengd visku fremur en gáfnafori.

Hyggindi fela í sér ákveðna aðlögunarhæfni. Sá sem er hygginn getur farið gegn viðurkenndum siðum og venjum. Skapað ný viðmið og getur virst, fyrst um sinn siðlaus, en fengið uppreist æru síðar meir. Þessu verða gerð betur grein síðar í ritgerðinni.

Frumspekilega séð eru hyggindi óskrifað blað. Á hverri stundu í senn róttæk og íhaldssöm, djörf og varfærin. Óvissa framtíðarinnar getur gert mann hataðann í dag, en hygginn á morgun. Endanlegur dómur á því hvort leikarinn hafi verið hygginn eður ei, er ekki í hans höndum – þrátt fyrir góðan vilja – heldur í höndum gagnrýnendanna.

Áhorfendur

Oft hafa hyggjur menn heimska niðja.

Eitt af því sem áhorfendurnir taka til greina, þegar meta skal háttferli leikarans, hvort hann eða hún sé skynsamleg eða réttlát, er hvort athafnirnar séu skiljanlegar í ljósi einhverra góðra *ástæðna*. Þá skoða gagnrýnendur hvaða *lögmaðlum* leikarinn fór eftir, þegar hann breytti svona og hinsegin. Lögmaðl eða meginregla eru helst til of hátíðleg hugtök – og lítið notuð í pólitískri orðræðu – svo þægilegast finnst mér að nota orðið prinsipp. Það er ekki alveg eins stíft og hin tvö, ef einhver segði mér að hann eða hún ætlaði að breyta svona út af lögmaðli eða meginreglu, gæfi það til kynna, að valið væri óhjákvæmanlegt eða annar valkostur kæmi ekki til greina, jafnvel að hörð viðurlög lægi við broti.

Ég var alltaf og er þeirrar skoðunar að leiðin til betra þjóðfélags liggja í gegnum hin praktísku skítverk og að flokkur sem ræður ekki við þau sé ekki fær um að breyta þjóðfélaginu í þágu alþýðunnar, jafnvel þótt hann hafi „hreinar“ hugsjónir.⁶⁸ – Steingrímur Hermannsson.

Þegar lítið er á aðstæður samkynhneigðra víða um heim er spurning auðvitað áleitinn hvort takast muni að breyta stöðu þeirra í bráð. Svarið verður að vera já. Ekkert annað má koma til greina. Þar verða allir að leggja sitt af mörkum.⁶⁹ – Jóhanna Sigurðardóttir.

Á lífsleiðinni hef ég sveiflast frá því að vera einn helsti talsmaður stóriðju á Íslandi og til þess að fylla flokk efasemdarmanna. Þessar breytingar á sannfæringu minni helgast fyrst of fremst af umhverfis- og mengunarsjónarmiðum.⁷⁰ – Svavar Gestsson.

Prinsipp, líkt og hyggindi fela í sér ákveðinn sveigjanleika, að réttlætningin bakvið breytninni sé ekki algild, – að brot séu ekki ófyrirgefandleg – heldur góð og gild viðmið, sem megi undir sérstökum kringumstæðum fara framhjá. Það heyrir hins vegar til algerar undantekningar að hyggindi krefjist þess að prinsippinn séu brotin, oftast er gerð sú krafa, að það sé *samræmi* milli skoðana og breytni; að pólitíkusar séu samkvæmir sjálfum sér. Að þeir fylgi sínum prinsippum. Að þeim sé ekki beitt á gerræðislegan máta, og að þeim sé beitt jafnt yfir alla. Að þau séu ekki hlutdræg eða leiði til frændhygli (e. *nepotism*) og ef svo skyldi fara að breytt var frá fyrri stefnu er gerð sú krafa að þeir rökstyði ákvörðun sína þá á fullnægjandi hátt. Eins og „Hannah Arendt útskýrði, eru prinsipp það hvernig við breytum frjáls á opinberum vettvangi, þannig að duldar

⁶⁸ Svavar Gestsson, *Hreint út sagt, sjálfsævisaga*, (Reykjavík: JPV útgáfa, 2012), 106

⁶⁹ Jónína Leósdóttir, *Við Jóhanna* (Reykjavík: Forlagið, 2013), 277.

⁷⁰ Dagur B. Eggertsson, *Steingrímur Hermannsson, Æfisaga I* (Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1998), 177.

ástæður og ytri markmið ákvarði ekki hvað við segjum og gerum“.⁷¹ Prinsipp eru þeir vegvísar sem við fáum þegar við metum aðgerðir stjórnámálanna (og annarra), hvort þeir séu hyggirnir eður ei. Prinsipp stjórnámálanna kynnumst við yfirleitt í gegnum samræðu. Því tel ég hyggilegt að vinda kvæði okkar í kross og skoða stöðu hygginda í samræðusiðfræði og sjá undir hvaða kringumstæðum er leyfilegt að beita þvingunum.

Stjórnámálamenn eru stundum gagnrýndir fyrir að ætla að hafa vit fyrir öðrum, fullvissir um ágæti sitt, taka þeir fram fyrir hendurnar á borgurunum, því þeir jú vita hlutina best. Í slíkum tilfellum þarf ekkert endilega að vera samkomulag milli stjórnar og borgaranna. Að vísu koma oft upp aðstæður þar sem meirihluti borgaranna er ósammála aðgerðum stjórnvalda, og stjórnámálamenn geta ekki alltaf breytt stefnu eftir vindum hverju sinni og breytt í samráði við alla. Engu að síður, hvaða kenningar getur stjórnámálamaðurinn notað til að svara spurningum um farsælt líf eða rétt breytni? Getur hann eða hún notast við nytjastefnu svo hámarka megi hamingju sem flestra? Eða hvort breytni geti orðið öðrum til (algildrar) efturbreytni í anda Kants? Slíkar þælingar mætti kalla siðferðislega einræðu.⁷² Samræðusiðfræði „gengur [hins vegar] út frá því að verkleg skynsemi finni sem frjóastan farveg í samræðu manna á milli“.⁷³ Þar að auki, svo siðaboð teljist réttmæt (gild) verður að vera gagnkvæmur skilningur á þeim hagsmunum sem eru í húfi; að afleiðingar siðaboðana séu samþykkt af báðum (eða fleiri) aðilum. „Einungis þau siðaboð teljast réttmæt sem öðlast (eða gætu öðlast) samþykki allra hlutaðeigandi sem þátttakenda í siðfræðilegri rökræðu“.⁷⁴ Getur verið hyggindi sem slík taki ekki nægjanlegt tillit til slíks samkomulags? Að samkomulag allra hluteigandi sem slíkt sé ekki endilega nauðsynlegt, þó það geti vissulega verið æskilegt? Má ekki vel ímynda sér siðferðislega rökræðu sem á endanum kemst á leiðarenda; að skynsamlegt fólk setji fram ólíkar, en jafnframt vel rökstuddar afstöður, með mismunandi formerkjum, á þá leið að samþykki liggi ekki fyrir? Að þeir neyðist til að vera sammála um að vera ósammála? Myndi slíkt skynsamlegt þrátefli neyða þá hyggnu til að stíga út fyrir svið samræðusiðferðis? Mér dettur í hug tveir stjórnámálamenn, annar grænmetisæta en hinn vegan sem reyna að semja lög um réttindi dýra. Í slíkri kyrrstöðu (og annarri), gæti verið að hyggindi gefi ekki eftir? Að sú hyggna fylgi Aristóteles í þeirri hugsun að geta ekki valið verri kostinn vissi maður af hinum?⁷⁵ Eða slagorði Benz, „það besta eða ekkert“? Að þegar skynsamleg rökræða kemst ekki að samkomulagi sem allir hluteigandi geta samþykkt; neyðist sú hyggna þá til að breyta siðferðislegri rökræðu yfir retorísk mælskubrögð? Að þá stígi heimspekingurinn af sviðinu og sófistinn taki við? Machiavelli

⁷¹ Nelson, John, „Prudence as Republican Politics in American Popular Culture,“ *Prudence Classical Virtue, Postmodern Practice*, 233.

⁷² Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf réttlátt samfélag*, 329, 347.

⁷³ Sama rit, 329.

⁷⁴ Sama rit, 340.

⁷⁵ Þorsteinn Gylfason, „Að gera og að vera, eða skyldu stjórnámál vera siðlaus?,“ *Hugur* 1/6 (1994): 86.

af Kant? Neyða hyggindi mann til að fylgja sannfæringu sinni í hvívetna og þegar engin skynsamlegur mælikvarði eða dómari getur skorið um hvorn kostinn skuli velja, neyðist maður til að fylgja *sínu eigin hyggjuviti*? Það má vel vera að undir sérstökum kringumstæðum geti verið réttlæt看legt að beita þvingunum eða mælskubrögðum til að fá einhverju framgengt, og að á þeim tíma sé ekki um eiginlegt samkomulag að ræða. Hins vegar sleppur aðilinn ekki undan samræðusamfélaginu, og þarf því að standa fyrir gjörðir sínar síðar meir, og réttlæta þær fyrir öðrum. Hyggindi geta þannig við fyrstu sýn ekki passað innan samræðusiðfræði, en á endanum þarf sófistinn að svara til saka fyrir heimspekingnum.

Leikurinn

Hygginn vinnur móð sinn með vísku.

Leikur hins hyggna, er langspil – leikur til langs tíma. Að hafa yfirsýn, útjónarsemi eða herkænsku til lengri tíma litið. Líkt og góður skákmaður þarf hinn hyggni að geta séð marga leiki fram í tímann. Eftir því sem leikjunum fjölgar, sem óvissan er meiri, því meiri þörf er á hyggindum. Þessi yfirsýn til lengri tíma getur þýtt að stundum þarf að fórna skammtímahagsmunum fyrir langtíma. Þetta er hægt að kalla sjálfbær hyggindi. Þar sem markmiðið er skynsamleg nýting á forðanum sem fyrir er. Skortur á slíkum hyggindum einkenna alla jafna popúlistaflokka, sem breyta stefnu sinni eftir vindum almenningsálitsins eftir hentisemi. Einhver gæti sagt að á Íslandi yrði skortur á sjálfbærum hyggindum á um það bil fjögurra ára fresti. Þegar stjórnmalaflokkar setja fram svokölluð kosningaloforð, sem alls er óvíst að þeir geti staðið við. Hyggindi borgaranna felast þá í því að meta loforðin, hvort þau séu góð eða framkvæmanleg yfirhöfuð. Það er stundum sagt að vika sé langur tími í stjórnmalum og fjögur ár eilífð. Að koma til móts við almannaviljann á hverri stundu getur verið lýðræðislegt í einhverri merkingu en það þýðir ekki að það sé skynsamlegt. Ef við gæfum okkur að sjálfbær hyggindi væru hin æðstu gæði, að langtímahagsmunir ríkisins yrðu að hafa yfirhönd fram yfir skammtímahagsmunir borgaranna – líkt og Machiavelli hélt fram – væri mögulega hentugra að taka upp kommúnískt ríki að hætti Kína eða einveldi Norður-Kóreu, þar sem kröfur almennings vega minna en sjálfbærni ríkisins. Slík einstefna gengur að mínu mati hins vegar gegn mannlegu eðli, maðurinn vill leika sér, prufa nýjar hugmyndir, athuga hvað virkar, þótt hann þurfi að brenna sig á reynslunni. Stjórnföst leikstjórn getur við fyrstu sýn virkað skynsamleg, en það er ekkert sem tryggir að hún verði skynsamleg til frambúðar, hyggindi eru að geta aðlagast og stjórnarfar sem er of stíft til að taka á breytingunum er ekki hyggið. Þótt sjálfbærni sem slík geti verið verðugt markmið, eru leiðirnar að því breytilegar og verk hygginda að finna hvaða leiðir eru við hæfi að hverju sinni. Þótt við höfum skuldbindingar gagnvart komandi kynslóðum höfum

við þær líka gagnvart núverandi, hyggindi eru að finna bestu nýtingu fyrir alla.⁷⁶ Leikurinn er kannski til langs tíma en hann þarf líka að spila vel. Líkt og ég minntist á hér fyrir ofan, felast borgaraleg hyggindi í því að veða og meta loforð stjórnmalamanna. Þeim ber að dæma fullyrðingar þeirra, kosningaloforð og stefnur. Það er í höndum borgaranna að skilgreina hvað teljist sjálfbær hyggindi. Setningar aðalleikarans neyða samleikara hans til að bregðast við og það er í höndum áhorfendana að kalla fram í ef þeim lýst ekki á blikuna.

Hvað einkennir leik hyggins stjórnmalamanns, annað en leikur til langs tíma? Það liggur fyrir að það þarf að hafa yfirsýn yfir hlutina, en yfirsýn ein og sér dugar ekki til. Það er ekki nóg að vita hvað muni koma til með að gerast ef ekkert er að *gert*. Í kjölfar íslenska efnahagshrunsins stigu fram hinir ýmsu sérfræðingar og sögðust hafa vitað allan tíman hvað væri framundan. Ímyndum okkur stjórnmalamann, eða hátt settan embættismann sem sæi í hvað stefndi en aðhefðist ekkert, myndi sá kallast hygginn? Til þess að teljast hygginn þarf hún eða hann einnig að hafa þor eða kjark, *virtú*⁷⁷, til að fylgja sannfæringu sinni – það er auðvelt að vera vitur eftirá – þar fyrir utan að þarf sá hyggni (eða hyggna) að hafa völd á þeim aðstæðum sem ætlað er að hafa áhrif á. Í þessum skilningi eru hyggindi *retorík*, hæfileikinn til að hafa áhrif. Að sjá fyrir sér heimsmynd og þegar tilvonandi heimsmynd samsvarar ekki lengur hugmyndum einstaklingsins um góða framvindu, að þá beygja hana undir vilja sinn og breyta henni í samræmi. Stjórnmalamenn og aðrir eru sífellt undir hæl hinna ýmissa kerfa sem virðast á tímum ganga sínar eigin ótroðnu slóðir án þess að mannshöndin geti spornað við. Nú á dögum er efnahagskerfið kannski skýrasta dæmið um fyrirbæri sem engin bönd virðast geta haldið. Það nægir farsælum stjórnmalamönnum ekki að hafa vald á hagkerfinu, líkt og flinkur fótboltamaður getur haft vald á bolta ef hann getur ekki komið honum í markið. Þekking má sín lítis ef hún er ekki hagnýtt. Oftar en ekki eru stjórnmalmenn heftir vegna reglna markaðarsins. Krafa um hagvöxt eða aðrir kostnaðarþættir setja valdinu oft skorður. Hyggindi eru að sjá fyrir efnahagslega framvindu, að geta beygt markaðinn undir vilja sinn, og ef þurfa þykir, taka hann föstum höndum og berja til hliðni. Efnahagskerfið er ekki eina dæmið, hyggindi geta teygst sig á allar stofnanir, á alla anga samfélagsins með það markmið að breyta þeim til hins betra. Passíf yfirsýn sem slík er ekki nægjanleg, í þessum skilningi þarf einnig að geta haft áhrif. Retorík, sannfæringarkraft og jafnvel bellibrögð ef því er að skipta.

Hyggindi hafa áhrif því þau eru verkleg. Hyggindi stýra verkum. Hyggindi raungerast í verki. Sú verklega staðreynd hefur valdið heimspekingum miklum heilabrotum. Það að „hyggindum virðist auðveldara að ná fram en að útskýra; sú staðreynd að *verkeg skynsemi* er svo erfitt að gera grein

⁷⁶ Í þessum skilningi er hægt að líta á hyggindi sem aristótelíska dyggð, meðalhóf nirfilshatts og óhófsemi.

⁷⁷ Machiavelli, *The Prince*, 68.

fyrir á kerfisbundinn hátt getur verið vegna þeirra nánú tengsla við staðbundna reynslu og breytni, og er þar af leiðandi auðveldari í framkvæmd en útskýringar“.⁷⁸ Í *Gagnrýni dómgreingar*, færir Kant rök fyrir því að pólitískir dómur velti ekki á hugtökum, heldur Hugmyndum; ósmættalegu innsæi sem ekki er hægt að gera almennilega grein fyrir; „Hugmyndin er ósýnanleg [e. *unrepresentable*] jafnvel þótt hún sé aðgengileg í myndunaraflinu“.⁷⁹ Eugene Garver segir að: „[h]yggindi séu skilgreind sem hið rökvísa ferli sem liggur á milli algrímsskra reglna siðferðislögmála (þ.e. útgáfa af normatívum hyggindum) og leiðbeinandi [e. *heuristic*] reglna leikslókasiðferðis (þ.e. útgáfa af hagsýnum hyggindum), og geti ekki verið skilin sem nálgun á annað hvort [...] og vandamálið er hvort hægt sé að finna lögmál á milli prinsippa og afleiðinganna“.⁸⁰ Svipaða hugsun er að finna hjá Max Weber sem taldi að „pólitísk viska hlyti að liggja einhvers staðar á milli tveggja stóru hugarfarana, reglu- og leikslókasiðfræði sem gnæft hafa yfir nútímalega hugsun þegar það kemur að réttri breytni“.⁸¹ Ef að hyggindi falla ekki innan reglu- né leikslókasiðfræði, hvað stendur þá eftir þegar tveir stóru póstarnir duga ekki til? Dyggðasiðfræði?

Þegar Aristóteles talar um að breyta „á réttum tíma, við réttar aðstæður, gagnvart rétta fólkinu, af réttum ástæðum eins og vera ber, það er meðallag og best, og einmitt þetta tilheyrir dyggð“,⁸² hljómar það ansi líkt hyggindum. Það er þessi „næmi fyrir aðstæðum“⁸³ sem skipta hyggindin máli. Engu að síður, til þess að geta verið næmur fyrir aðstæðum þarf maður að þekkja þær. Það þýðir að maður þarf að þekkja hefðir, kurteisissvenjur og viðhafnarsíði.⁸⁴ Hún er veraldarvön er stundum sagt, sem gefur til kynna reynslu, þokka og jafnvel fágun. Við lærum „góða leiki“ á margvíslegan hátt, ekki aðeins í gegnum serímoníur, stundum í formi dæmisagna, röklegra útskýringa og jafnvel brellibragða. Sumir segja að „leikurinn“ sé framkoma, sett fram til að ná fram pólitískum áhrifum.⁸⁵ Í þeim skilningi eru hyggindi leikur; áhrifamikil sýning eða sjónarspil sett fram til að ná markmiðum sínum. Hins vegar á sama tíma og leikarinn leikur, er gerð sú krafa að hann sé ekki að þykjast, í þeim skilningi að bakvið leikinn (breytnina) fylgi heilindi og alvara. Þegar við tölum um hyggindi sem *leik* er það kannski ekki meðalhóf Aristótelesar sem lýsir

⁷⁸ Hariman, Robert, „Prudence in the Twenty-First Century,“ *Prudence Classical Virtue, Postmodern Practice*, 301.

⁷⁹ Charland, Maurice, „Lyotard’s Postmodern Prudence,“ *Prudence Classical Virtue, Postmodern Practice*, 274.

⁸⁰ Prudence in the Twenty-First Century, bls 300, leturbreyting mín.

⁸¹ Hariman, Robert, „Prudence in the Twenty-First Century,“ *Prudence Classical Virtue, Postmodern Practice*, 301, Leturbreyting mín.

⁸² Aristóteles, *Siðfræði Níkomakkosar*, fyrra bindi, 266.

⁸³ Aðaleinkenni dyggðasiðfræði sé áhersa á gerandann annars vegar og hins vegar sé áherslan færð frá almennum siðalögmálum yfir í næmni fyrir aðstæðum, greiningu á lyndiseinkunnum, tilfinningum og samskiptum. Sjá nánar: Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf réttlátt samfélag*, 244.

⁸⁴ Hariman, Robert, „Prudence in the Twenty-First Century,“ *Prudence Classical Virtue, Postmodern Practice*, 301.

⁸⁵ Sama rit, 301.

hugtakinu best heldur það sem Cicero kallar viðeigandi (l. *Decorum*), en það er ekki alveg eins kröfuhart og óskeikullt eins og meðalhófið, heldur setur *decorum* samfélagslegri hegðun ákveðin mörk, hvað er viðeigandi, hvaða hegðun fellur að velsæmisviðmiðum og almennri kurteisi. Hygginn leikur byggist fyrst og fremst á skilningi á mannlegu eðli hinum víðasta skilningi, hann eða hún þekkir reglurnar en er óhrædd(ur) við að breyta þeim sér í hag; ef upp koma „viðeigandi“ aðstæður.

Lokapáttur

Hygginn heyrir margt, hermir færta.

Niðurstaða mín er á þá leið, að sá sem er fullviss í sínum aðgerðum getur aldrei verið hygginn. Hygginn hugsunarháttur þarf vafamál, óvissu, efa, ófyrirsjáan- og óútreiknanleika. Ef til væri pólitískur spámaður þá beitti hann tækni sinni en ekki hyggjuviti í útreikningum sínum til hagsældar. Mannlegt hyggjuvit svo langt sem það nær, getur aldrei stuðst við stærðfræðilega fullvissu, það er samofið óvissunni sem fylgir því að vera maður – hugsanlega verður valið að vera erfitt svo það sé mannlegt en það er efni til annarrar rannsóknar.

Hyggindi og siðferðisleg hugsun verða ekki slitin í sundur. Hyggindi eru ekki hagsýni, skilvirkni eða snilligáfa, nema óbeint upp að vissu marki. Á endanum þarf að taka siðferðið sem slíkt með inn í jöfnuna. Það er ekki hyggilegt að fela illvirki sín í skjóli góðverka, sama hversu mikla kænsku þurfi til. Í þessum málum tek ég undir með Kant en ekki Machiavelli, sem taldi það hyggilegt að fela lesti sína með grímu. Þrátt fyrir að mikla leikni geti þurft til að setja fram árangursríkan blekkingarleik, þá er einn af þeim þáttum sem við notum til að dæma um hyggindi; sá siðlegi.

Hyggindi er langspil – leikur til langs tíma. Þar skiptir yfirsýn, þekking og skilningur á mismunandi aðstæðum höfuðmáli. Hins vegar setur siðferði leiksins honum lengdar- og velsæmistakmörk, þar sem taka þarf tillit til komandi og núverandi kynslóða. Langtíma herkænskan snýst alla jafna um litla og nákvæma leiki í stað róttækra og fyrir vikið getur hún virkað íhaldssöm. Þegar leikurinn beinist að kerfi sem slíku. Hvort sem kerfið er pólitískt, efnahagslegt eða félagslegt verða hyggindi að vera til þess fallinn að geta haft áhrif (helst til bóta), leikarinn verður að geta beygt það undir vilja sinn og komið fram þeirri heimsmynd er hún eða hann hyggur.

Hyggindi snúast um val: „af tvennu illu skaltu hvorugt velja,“ segir gamall málsháttur. Machiavelli hefði umorðað hann og sagt okkur að taka þann sem væri minna slæmur og kalla hann góðann. Fyrir tíma endurreisnarinnar var aðeins eitt gilt lokamarkmið. Fyrst kom fornöld: þar kepptust

menn við að lifa hinu góða og andríka lífi farsældarinnar (g. *εὐδαιμονία*). Síðan komu miðaldir: þar sem sálarþroski og trúrækni (l. *pietas*) var í hávegum höfð. Svo kom Machiavelli og sagði að báðir möguleikarnir gætu ekki verið bestir svo ráðlegast væri að velja það sem kæmi manni sjálfum í hag og sannfæra svo aðra um að þetta væri besti kosturinn. Fólk kættist. Það fagnaði og skálaði í veigum nýfundins valfrelsis, óaðvitandi þess að það sæti upp með timburmenn; siðferðislega afstæðishyggju. Eftir endurreisnina kom svo kapítalisminn með sitt kjörbúðarlýðræði og í dag er hægt að velja úr alveg fátánlega mikið af hlutum. Stundum treystum við á vísindin til að hjálpa okkur, þau segja okkur jafnan hvað við eigum að gera; borðaðu þetta, ekki borða þetta! Rannsóknir sýna að það sé (ó)holtt að gera þetta. Þrátt fyrir vísindalega aðstoð, fyllist neytandinn angist og jafnvel örvæntingu; þá er gott að leita inn á við og treysta á sitt eigið hyggjuvit, því það hjálpar manni að koma böndum á óreiðuna og valflauminn sem við stöndum fyrir í dag. Munurinn á okkur og forn- og miðaldarmönnum er sá að þar var markmiðið gefið, hyggindi voru aðeins notuð til að finna leiðir að markmiðinu, nú þurfum við að velja leiðir að markmiðinu og markmiðið sjálft.

Gömul barnavísa segir að á bjargi hafi hygginn maður byggt hús en vísan gefur ekki til kynna mjög frjóa eða skapandi hugsun. Ef hann hefði byggt stöndugt hús á sandinum þá fyrst yrði hann vandur að virðingu sinni. Hyggindi krefjast góðs ímyndunarafls, ekki samt í þeim skilningi að geta ímyndað sér skritnari eða fráleitari framvindu líkt og rithöfundar sem skrifa ævintýri gætu þurft. Það mætti kalla það frekar raunsætt ímyndunarafll, það sem tekur mið af því hvernig maðurinn og samfélagið virkar í raun og veru. Ímyndunarafll sem snýst um að sjá mögulega framtíð og ef því er að skipta beygja hana eða breyta eftir vilja sínum. Hyggindi eru þegar einstaklingurinn leggur fram framtíðarsýn andspænis óvissunni. Hyggindi eru tenging okkar í óvissuna, þau gera hana skynsamlega, skiljanlega og merkingarbæra og á sinn eigin máta jafnvel þægilega. Hyggindi geta gert það að verkum að óvissan er ekki lengur óvissa, heldur bara pólitísk gerjun, og takmarkað þannig þær áhyggjur sem við höfum kannski af framtíðinni.

Heimildir

- Aristóteles. *Siðfræði Nikomakkosar*. Þýð. Svavar Hrafn Svavarsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. 1995.
- Berlin, Isiah. *Against the Current: Essays in the History of Ideas*. Ritstj. Wardy, Henry. New Jersey: Princeton University Press, 2013.
- Dagur B. Eggertsson, *Steingrímur Hermannsson, Æfisaga I*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1998.
- Engstrom, Stephen. „Kant’s Conception of Practical Wisdom.“ *Kantstudien* 1/88 (1997): 16-43.
- Garver, Eugene. „After Virtú: Rhetoric, Prudence, and Moral Pluralism in Machiavelli.“ *Prudence: Classical Virtue, Postmodern Practice*. Ritstj. Harriman, Robert. Pennsylvania: Pennsylvania State University Press, 2003, 67-99.
- Giorgini, Giovanni. „Five Hundred Years of Italian Scholarship on Machiavelli’s Prince.“ *The Review of Politics* 4/75 (2013): 625-640.
- Hill, Thomas, „Happiness and Human Flourishing in Kant’s Ethics,“ *Social Philosophy and Policy*, 1/16 (1999): 143-175.
- Johansen, Robert C., *The Natural Interests and the Human Interest: An Analysis of U.S. Foreign Policy*. New Jersey: Princeton University Press, 1980.
- Jónína Leósdóttir, *Við Jóhanna*. Reykjavík: Forlagið, 2013.
- Kant, Immanuel. *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*. Þýð. Guðmundur Heiðar Frímansson. Hið íslenska bókmenntafélag, 2003. Reykjavík.
- Kim, Sung Ho. „Max Weber.“ Stanford Encyclopedia of Philosophy, birt 24. ágúst 2007, endurskoðað 31. júlí 2012 <http://plato.stanford.edu/entries/weber/> (skoðað 17. apríl 2016).
- Korab-Karpowicz, Julian W. „Political Realism in International Relations.“ Stanford Encyclopedia of Philosophy, birt 26. júlí 2010, endurskoðað 2. apríl 2013 <http://plato.stanford.edu/entries/realism-intl-relations/> (skoðað 17. desember 2015).
- Machiavelli, Niccoló. *Furstinn*. Þýð. Thompson, N.H. New York: Dover Publication Inc, 1992.
- Ólafur Páll Jónsson, „Gagnrýnar manneskjur,“ Vefur gagnrýnnar hugsunar og siðfræði, birt 27. júní 2011, <https://gagnryninhugsun.hi.is/?p=653> (skoðað 17. desember 2015).

- Pantelimon, Cristi. „Machiavelli's Political Anthropology," *Review of Contemporary Philosophy* 1/9 (2010) 172-184.
- Radin, Beryl. *Beyond Machiavelli: Policy Analysis Reaches Midlife*. Washington DC: Georgetown University Press.
- Riley, Patrick, „The „Elements“ of Kant's Practical Philosophy: The Groundwork After 200 years (1785-1985).“ *Political Theory* 4/14 (1986): 552-583.
- Riley, Patrick „Rousseau's General Will: Freedom of a Particular Kind.“ *Rousseau and Liberty*. Ritstj. Wonkler, Robert. Manchester: Manchester University Press, 1995, 1-29.
- Riley, Patrick, „Rousseau's General Will,“ *The Cambridge Companion to Rousseau*, Ritstj. Riley, Patrick. Cambridge: Cambridge University Press, 2001, 124-154.
- Roberts, William Clare. „All Natural Right is Changeable: Aristotelian Natural Right, Prudence, and the Specter of Execeptionalism.“ *The Review of Politics* 2/75 (2012): 261-283.
- Soll, Jacob. „The Reception of The Prince 1513-1700, or Why We Understand Machiavelli the Way We Do,“ *Social Research: An International Quarterly* 1/81 (2014): 31-60.
- Svavar Gestsson, *Hreint út sagt, sjálfsævisaga*. Reykjavík: JPV útgáfa, 2012.
- Villjálmur Árnason, *Farsælt líf réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*. Reykjavík: Heimskringla, 2008.
- Wike, Victoria S., *Kant on Happiness in Ethics*. Albany: State University of New York Press, 1994.
- Þorsteinn Gylfason. „Að gera og að vera, eða skyldu stjórnámál vera siðlaus?.“ *Hugur* 1/6 (1994): 63-91.